




EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

3. tölublað
22. árgangur
Desember 2019

Eining-Íðja

*sendir félagsmönnum sínum og
landsmönnum öllum bestu óskir
um gleðileg jól og farsælt komandi ár,
með þökk fyrir samskiptin
á árinu sem er að líða*



PACTA

LÖGMENN ALLRA LANDSMANNA

Hjá Pacta starfa um 30 lögfræðingar á 14 starfsstöðvum víða um land. Lögmenn Pacta búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á flestum sviðum lagaumhverfis sveitarfélaga, fyrirtækja, stofnana og einstaklinga.



Akranes
Akureyri
Blönduós
Dalvík

Egilsstaðir
Hafnarfjörður
Húsavík
Ísafjörður

Reyðarfjörður
Reykjavík
Sauðárkrúkur
Selfoss

Siglufjörður
Suðurnes

Símanúmer okkar er 440 7900 · pacta@pacta.is · www.pacta.is

THE PARLEX GROUP

Pacta er virkur aðili að THE PARLEX GROUP og hefur byggt upp traust viðskiptasamband og persónulegt tengslanet við virtar lögmannsstofur víða um heim. www.parlex.org



Svona á sjónvarp að vera um jólin

Í **Sjónvarpi Símans** Premium getur öll fjölskyldan horft á það sem hún vill í sjónvarpi og snjalltækjum. Jólalegt úrval af kvikmyndum, sjónvarpsþáttum og barnaefni ásamt Enska boltanum.

Pú getur meira með Símanum



JÓLATILBOÐ!
Samsung spjaldtölvu
19.990 kr.
~~34.990~~ kr.

30 daga
Sjónvarp Símans
Premium fylgir!





Útgefandi: Eining-Ídja
Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 - Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:
Björn Snæbjörnsson

Ritstjóri
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Forsíðumynd:
Vetur á Akureyri
Ásgrímur Hallgrímsson

Prentvinnsla:
Ásprent ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu,
í heild eða hluta, þó þannig
að heimildar sé getið



hugbúnaður

dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018

Þökkum samstarfið á árinu sem er að líða.

dk hugbúnaður er eitt stæsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins. Yfir 7.000 fyrirtæki nýta sér þjónustu dk hugbúnaðar í dag og yfir 4.500 fyrirtæki eru með bókhaldið í skýinu hjá dk.

Hafið samband við okkur og fáið kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu.

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is

Efnisyfirlit

- 6** Mjög mikil ánægja með félagið og þjónustuna
- 6** Opnunartími um jól og áramót
- 7** Staða samningaviðræðna við ríki og sveitarfélög
- 7** Nýr samningur við lðnaðarsafnið
- 8** Styrkur til Grófarinnar - geðverndarmiðstöðvar
- 8** Útborgun 30. desember 2019
- 10** Desemberuppbot 2019
- 10** Ætlar þú að dvelja um jólin á Illugastöðum?
- 11** Samstarfssamningur við SÍMEY
- 12** Orlofsferðir Einingar-Ídju á árinu 2020
- 14** Drífa Snædal, forseti ASÍ
- 16** Fræðslustyrkir
- 16** Samningur um starfstengda símenntun
- 17** Skólaheimsóknir í 10. bekk
- 17** Laun um jólin
- 18** Vel heppnaður fræðsludagur
- 19** Hvetjum alla til að vinna fyrir félagið sitt
- 20** Björn endurkjörinn formaður SGS
- 22** Ljúffengur indverskur matur í miðbæ Akureyrar
- 23** Íbúð á Spáni í boði sumarið 2020
- 24** Miscellaneous information
- 25** Vetrarleiga orlofshúsa
- 26** Utanlandsferð félagsins sumarið 2019
- 28** Verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits
- 28** Fyrsta dyravarðanámsskeiðið sem SÍMEY kemur að
- 29** Nauðungarvinna og þrælalald aldri liðið
- 29** Þrjár sjúkraíbúðir í Reykjavík
- 30** Róžne informacje
- 31** Trúnaðarmannanámsskeið á vorönn
- 32** Ný rannsóknarstofnun í vinnumarkaðsfræðum
- 32** Frábær Grímseyjarferð
- 33** 36. þing Alþýðusambands Norðurlands
- 34** „Að vera í stjórn stéttarfélags er svo sannarlega þess virði“
- 35** Breytingar á orlofskostum á Austurlandi
- 36** Kynning í Hólaskóla
- 36** Eldri félagsmenn á ferð
- 37** Jólakrossgátan
- 38** Verðlaunagetraun
- 38** Ekki segja upp í veikindum

*Starfsfólk Enor
óskar félagsmönnum Einingar-Ídju
gledilegra jóla
og farsæls nýs árs.*

JÓAKIM heildarlausn fyrir stéttarfélög

Init ehf. er hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir lífeyrissjóði og verklýðsfélög
Init ehf. þróar, rekur og þjónustar JÓAKIM, sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi

- Öflugt iðgjaldainnheimtukerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréfakerfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar jafnt stórum sem smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarfélaga



Init ehf. • Smáratorgi 3 • 201 Kópavogi • Sími 510 7200 • Fax 510 7220 • init@init.is • www.init.is



JÓLA KAFFI

**Fín malað og
kaffibaunir**

Jólin eru tíminn til að leyfa sér það besta, Rúbín jólakaffið er sannkallaður munaður og hveinn unaður að njóta.

KAFFIBRENNSLAN AKUREYRI



Mjög mikil ánægja með félagið og þjónustuna

Nýlega lét félagið, í samstarfi við AFL starfsgreinafélag, Gallup framkvæma könnun um ýmis atriði sem snerta kjör og aðstæður félagsmanna Einingar-löju og AFLs starfsgreinafélags. Um er að ræða sambærilega könnun og gerð hefur verið fyrir félögin sl. átta ár. Helstu niðurstöður liggja nú fyrir og eru væntanlegar inn á heimasíðu félagsins fyrir jóla. Það er alltaf fróðlegt að bera þær saman við niðurstöður síðustu ára og sjá hvort miklar breytingar hafa átt sér stað.

40,6% svarenda voru karlar en 59,4% konur. 19,8% svarenda voru undir 25 ára aldri, 23% voru á aldrinum 25-34 ára, rúmlega 15% voru á aldrinum 35-44 ára, tæplega 17% á aldrinum 45-54 ára og rúmlega 25% voru 55 ára eða eldri.

Mikil ánægja er með þjónustu Einingar-löju og félagið sjálft. Tæplega 97% svarenda sögðust vera sáttir eða hvorki né er spurt var hvort viðkomandi væri sáttur eða ósáttur við Einingar-löju og 97,5% merktu við ánægður eða hvorki né er spurt var hversu ánægður eða óánægður ertu með þjónustu Einingar-löju þegar á heildina væri litið. Þetta eru aðeins betri niðurstöður en á síðustu árum.

Í könnuninni voru margir þættir kannaðir, m.a. um heildarlaun og dagvinnulaun, vinnutíma, vinnuálag, launaseðla, kjarasamninga og starfsumhverfi. Einnig var t.d. spurt hversu jákvæður eða neikvæður viðkomandi var gagnvart því að taka þátt í starfi á vegum Einingar-löju. Rúmlega 94% svarenda sögðust vera jákvæður eða hvorki né gagnvart þeirri spurningu.



Björn ásamt Elinrós.

Könnunin fór þannig fram að 3.000 félagsmenn voru valdir handahófskennt úr félagskrám þessara tveggja félaga, 1.500 frá hvoru félagi. Það er áriðandi að fá sem nákvæmstar niðurstöður þegar slík könnun er framkvæmd, helst að fá alla til að svara, svo hægt sé að nýta niðurstöðurnar í þágu þekkingar og til hagsbóta fyrir félagsmenn. Þeirra upplýsingar skipta miklu máli!

Rannsókn sem þessi er afar gagnleg og getur félagið stuðst við niðurstöðurnar á mörgum sviðum. Stjórn félagsins vill þakka öllum þeim sem þátt tóku í launakönnun félagsins í ár.

Vinningsnúmer

Könnunin var líka happdrættismiði því allir sem tóku þátt gátu unnið veglega vinninga. Í bréf-

inu sem þátttakendur fengu var lukkunúmer. Búið er að draga og voru nöfn eftirfarandi félagsmanna Einingar-löju dregin út.

Tveir vinningar að upphæð kr. 150.000, eitt stk. á hvort félag: **Elinrós Sveinbjörnsdóttir**.

Tveir vinningar að upphæð kr. 50.000, eitt stk. á hvort félag: **Henri Palade Ólafsson**.

Fjórir vinningar, vikudvöl í orlofsbúðum félaganna. Tvö stk. á hvort félag: **Ólöf Gréta Hansdóttir** og **Stefán Atli Agnarsson**.

Þegar Elinrós mætti á skrifstofu félagsins á Akureyri til að ná í vinningsinn þá sagði hún að hún hefði nú ekki verið lengi að svara þó að spurningarnar hefðu verið þó nokkrar. „Það er alveg greinilegt að það borgaði sig að taka frá smá tíma til að svara þessari könnun,“ sagði Elinrós mjög sátt með vinninginn.

Í ár lentu einnig 20 þátttakendur strax í happdrættispotti, 10 frá hvoru félagi, voru í raun dregin út áður en þeir svöruðu. Hinir heppnu vinningshafar fengu tilkynningu um það um leið og þeir höfðu lokið við að svara könnuninni, um var að ræða kr. 15.000 inn eign á debetkort sem þeir nálguðust á skrifstofu félagsins á Akureyri. Aðeins sjö þeirra sem dregin voru út svöruðu sem þýðir því miður að þrjú félagsmenn Einingar-löju misstu af því að fá vinning upp á kr. 15.000. Það getur borgað sig að taka þátt!

Eining-löja óskar vinningshöfum til hamingju.

Opnunartími um jóla og áramót



Milli jóla og nýárs verður skrifstofa félagsins á Akureyri opin á venjulegum opnunartíma.

Skrifstofan á Dalvík verður lokað föstudaginn 20. desember.

Skrifstofan í Fjallabyggð verður lokað 23. og 27. desember.

Fimmtudaginn 2. janúar verður lokað á öllum skrifstofum félagsins en við opnum aftur á hefðbundnum tíma föstudaginn 3. janúar 2020.

Staða samningaviðræðna við ríki og sveitarfélögin

Samband íslenskra sveitarfélaga ákváðu einhliða þann 28. október sl. að vísa yfirstandandi kjaradeilu til Ríkissáttasemjara. Ástæðan sem tilgreind var og vísað til er ályktun sem samþykkt var í tilefni af kvennafrídeginum á þingi SGS sem fram fór í vikunni á undan. Þar var meðal annars fjallað um stöðu ófaglærðra verkakvenna og stöðuna í kjaradeilunni.

Búið er að halda nokkra fundi hjá sáttasemjara og þegar blaðið fór í prentun var búið að boða fund 13. desember.

Búið er að ná samkomulagi um margt en ýmislegt stendur enn út af borðinu, sérstaklega varðandi vinnutímastýttinguna fyrir vaktavinnufólk.

Það sama má í raun segja um stöðuna sem upp er varðandi samningana við ríki. Helsta ágreiningsefnið er vinnutímastýttingin fyrir félagsmenn sem eru í vaktavinnu.

Lítið annað var hægt að segja um gang viðræðnanna þegar blaðið fór í prentun. Fylgist vel með á heimasíðu félagsins, www.ein.is, því þar verða settar inn fréttir af gangi mála.



Um miðjan nóvember hélt félagið tvo fundi með trúnaðarmönnum Einingar-löju sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum þar sem Björn formaður félagsins fór yfir stöðuna sem uppi er í samningaviðræðunum. Góð mæting var á fundina sem fóru fram annars vegar á Akureyri og hins vegar í Fjallabyggð.

Nýr samningur við lðnaðarsafnið

Í byrjun desember var skrifað undir nýjan samning á milli Einingar-löju og lðnaðarsafnsins á Akureyri um að félagið styrki safnið með framlagi næstu þrjú árin, en um næstu áramót rennur út samstarfssamningur sem gerður var árið 2016. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, og Jóna Sigurlaug Friðriksdóttir, safnstjóri lðnaðarsafnsins, skrifuðu undir samninginn.

Á lðnaðarsafninu má sjá grunninn af því sem félagsmenn hafa verið að vinna við á síðustu áratugum og segir Björn því nauðsynlegt að halda í þá sögu sem gert er með frábærum hætti á lðnaðarsafninu.



Samningurinn handalaður.



SÍMEY ÞAKKAR FYRIR FRÁBAERT SAMSTARF Á ÁRINU OG ÓSKAR ÖLLUM

Gleðilegra jóla

HLÖKKUM TIL AÐ VERA MEÐ YKKUR 2020!

EMIL, HELGI, HELGI ÞORBJÖRN, INGUNN HELGA, KJARTAN, KRISTÍN BJÖRK, KRISTJANA, SANDRA, SIF, SÓLEY, SIGRÚN OG VALGEIR



sími 460 5720 - www.simey.is

Styrkur til Grófarinnar - geðverndarmiðstöðvar

Á stjórnarfundum félagsins í október var ákveðið að styrkja Grófinu – geðverndarmiðstöð um kr. 100.000 og fór Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, og afhenti styrkinn. Björn sagði m.a. við það tækifæri að mjög mikið væri leitað í sjúkrasjóð félagsins og að í fyrra hefðu greiðslur til félagsmanna úr sjúkrasjóðnum numið rúmum 163 milljónum króna. „Það eru tveir málaflokkar sem eru áberandi stærstir þegar við skoðum beiðnir í sjóðinn og eru geðvandamál annar þeirra. Það er því miður alltaf að aukast að verið sé að sækja um í sjóðinn vegna kvíða og ýmissa geðvandamála. Það er áberandi að stærsti hópurinn sem þar á í hlut er unga fólkið okkar. Við vonum að þessi styrkur muni nýtast vel í ykkar góða starfi.“



Björn ásamt forstöðumanni Grófarinnar, Valdís Eyju Pálsdóttur sálfræðingi og Friðriki Einarssyni, formanni stjórnar Grófarinnar.

Grófin – geðverndarmiðstöð hóf starfsemi á alþjóðlega geðheilbrigðisdaginn þann 10. október 2013 að frumkvæði og á ábyrgð Geðverndarfélag Akureyrar og nágrennis. Á heimasíðu Grófarinnar segir að Grófin sé ávöxtur grasrótahóps notenda og fagfólks, sem hittist á vikulegum fundum um tveggja ára skeið. Niðurstaða þeirrar vinnu var að byggja á 10 ára far-sælu starfi Hugarafsls í Reykjavík og tók Geðverndarfélagið af skarið sumarið 2013 um að taka á leigu húsnæðið að Hafnarstræti 95 og hefja starfsemina alfarið með sjálfbodastarfi, í trausti þess að önnur meginstöð Hugarafslsmóðelsins, launað starf fagaðila, yrði að veruleika í fyllingu tímans með stuðningi opinberra aðila.

Grófin – geðverndarmiðstöð starfar samkvæmt hugmyndafræði valdeflingar (Empowerment), þar sem áherslan er á að einstaklingurinn taki ábyrgð á eigin bata og að öll vinna fari fram á jafningjagrunni.

Innan Grófarinnar starfar einnig Unghugahópur, en það er hópur hugsaður meira fyrir yngra fólkið – 18 ára og eldri, en hægt er að kynna sér þann hóp, sem og fleira tengt Grófinni á heimasíðunni þeirra.

Markmið Grófarinnar

- ✓ Að skapa tækifæri fyrir þá sem glíma við geðraskanir að vinna í sínum bata á eigin forsendum og eigin ábyrgð í samræmi við hugmyndafræði valdeflingar.
- ✓ Að skapa vettvang fyrir alla þá sem vilja vinna að geðverndarmálum á

jafningjagrunni, hvort sem þeir kallast notendur geðheilbrigðisþjónustunnar, fagaðilar, aðstandendur þeirra sem glíma við geðraskanir, eða eru einfaldlega áhugamenn um framfarir í geðheilbrigðismálum.

- ✓ Að bæta lífsgæði þátttakenda.
- ✓ Að efla virkni fólks sem glímur við geðsjúkdóma í hinu daglega lífi.
- ✓ Að standa fyrir hópastarfi fyrir notendur og aðstandendur.
- ✓ Að standa fyrir fræðslu fyrir notendur og aðstandendur.
- ✓ Að stuðla að aukinni þekkingu á bataferlinu með áherslu á að hægt sé að ná bata og að hægt sé að fara fjölbreyttar leiðir í bataferlinu.
- ✓ Að miðla von og reynslu milli notenda. Vonin er lykiltríði í því að ná bata.
- ✓ Að vinna að fræðslu og forvörnum í samfélaginu til að auka skilning og draga úr fordómum gagnvart þeim sem eru að glíma við geðraskanir.
- ✓ Að stuðla að bættri nálgun í geðheilbrigðiskerfinu þar sem hugmyndir valdeflingar um notendasýn og bataferli á jafningjagrunni fái aukið vægi.

Sjúkrasjóður og fræðslusjóðir Einingar-löju

Útborgun 30. desember 2019




Greiðsla dagpeninga og styrkja vegna desembermánaðar fer fram 30. desember nk. og verður það síðasti greiðsludagur á þessu ári.

Skila þarf gögnum til félagsins í síðasta lagi 18. desember til að ná þessari útborgun. Það sem kemur inn eftir þann tíma verður greitt í lok janúar 2020.

N4 óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári, með þökkum fyrir áhorfið.

N4 ER ÞAR SEM ÞÚ VILT
- ÞEGAR ÞÚ VILT



www.n4.is

Tímaflakk

N4sjónvarp

N4sjónvarp

N4 blaðið

N4 hlaðvarp



N4, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri — n4@n4.is — 412 4402

Leiðandi á
landsbyggðunum

Ekki gefa bara eitthvað,
gefðu frekar hvað sem er.



Með gjafakorti Landsbankans er
ekkert mál að velja réttu jólagjöfina.
Þú ákveður upphæðina og sá sem
þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafa-
kortið í næsta útibúi.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Desemberuppbót 2019

Eining-löja minnir félagsmenn sína á, að þeir eiga rétt á að fá greidda desemberuppbót samkvæmt kjarasamningum. Upphæðin er mismunandi eftir samningum og við hvaða tímabil er miðað til skilgreiningar á fullu starfi. Uppbótina skal greiða í einu lagi og ofan á hana reiknast ekki orlof. Uppbótin er föst krónutala og tekur ekki hækkunum skv. öðrum ákvæðum kjarasamninga. Við starfslok á að gera upp áunna desemberuppbót.

Þegar þetta er skrifað var ekki enn búið að semja við ríki eða sveitarfélögin og því gilda þar sömu upphæðir og í fyrra. Þegar búið verður að semja við ríki og sveitarfélögin þarf að greiða uppbót miðað við það sem samið verður um. Fylgist með á www.ein.is því þar verða settar inn réttar upphæðir um leið og samningur nást.

Almenni markaðurinn – kr. 92.000

Þeir sem eru í starfi fyrstu viku í desember eða hafa verið samfelld í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eiga rétt á

uppbót eigi síðar en 15. desember. Fullt ársstarf m.v. 45 vikur eða 1.800 klst. á tímabilinu 1. janúar til 31. desember.

Starfsmaður sem er í ráðningarsambandi við fyrirtæki en er ekki á launaskrá vegna hræfnisskorts eða vegna veikinda í desember missir ekki rétt til desemberuppbótar og reiknast sá tími með við útreikning desemberuppbótar mæti hann til vinnu að lokinni fjarveru vegna hræfnisskorts.

Ríkið - miða skal við kr. 89.000 kr. þar sem upphæð þessa árs hefur ekki verið ákveðin vegna þess að samningaviðræður standa enn yfir.

Þeir sem eru við störf fyrstu viku nóvember eða hafa starfað í 13 vikur samfelld á árinu skulu fá greidda desemberuppbót 1. desember ár hvert. Full uppbót miðast við fullt starf tímabilið 1. janúar til 31. október.

Hafi starfsmaðurinn gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall á framangreindu tímabili. Á sama hátt skal einnig starfsmaður sem látið hefur af starfi en starfað hefur samfelld í a.m.k. 3 mánuði

(13 vikur) á árinu, fá greidda desemberuppbót, miðað við starfstíma og starfshlutfall. Sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða í allt að 6 mánuði vegna fæðingarorlofs.

Sveitarfélög – miða skal við upphæð síðasta árs kr. 113.000 þar sem upphæð þessa árs hefur ekki verið ákveðin vegna þess að samningaviðræður standa enn yfir.

Þeir sem starfað hafa frá 1. september skulu fá greidda desemberuppbót 1. desember ár hvert. Full uppbót miðast við fullt starf tímabilið 1. janúar til 30. nóvember.

Þeir sem láta af störfum á árinu eiga rétt á desemberuppbót hafi þeir starfað samfelld í 6 mánuði. Greitt er miðað við starfstíma og starfshlutfall og miðast þá tímabilið við 1. janúar til 31. desember.

Á heimasíðu félagsins, www.ein.is, má finna töflur sem sýna upphæð desemberuppbótar miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Ætlar þú að dvelja um jólin á Illugastöðum?

Gestir á Illugastöðum um jól og áramót 2019-2020, gott er að hafa eftirfarandi í huga:

- ✓ Um jól og áramót verður afgreiðslan opin á hefðbundnum tíma föstudaginn 20. desember (milli kl. 16 og 21), mánudaginn 23. (milli kl. 16 og 17), föstudaginn 27. (milli kl. 16 og 21) og mánudaginn 30. desember (milli kl. 16 og 17). Frá og með fimmtudeginum 2. janúar verður opið eins og venjulega.
- ✓ Ef snjóar er ekki hægt að reikna með snjómokstri í Fnjóskadal 24. til og með 26. desember eða 31. desember og 1. janúar. Það sama á við um svæðið sjálft á Illugastöðum. Þá daga sem mokað verður, ef þörf krefur, verður bara mokað einu sinni á dag. Ef veðurútlit er tvísýnt er ekki víst að mokað verði þann daginn, heldur færast það á næsta dag.
- ✓ Nauðsynlegt er að láta vita á auglýstum opnunartíma í síma 462 6199 ef gestir komast ekki á þeim tíma, svo hægt sé að gera ráðstafanir varðandi lykla.



Illugastaðir.

Samstarfssamningur við SÍMEY

Í lok október skrifaði Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, undir samstarfssamning við Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Markmið samningsins er að skapa enn fleiri möguleika fyrir félagsmenn Einingarlöju til að sækja sér fræðslu og auka við starfstengda hæfni sína.

„Félagið hefur átt mjög gott samstarf við SÍMEY til fjölda ára en með þessum samningi er komin meiri festa í samstarfið. Fulltrúar frá SÍMEY sátu t.d. nýverið fund með fræðslunefnd félagsins þar sem farið var yfir ýmis mál tengd námskeiðahaldi. Slíkir fundir verða haldnir reglulega héðan í frá og mun SÍMEY kappkosta að endurspeglar þær þarfir er birtast innan félagsins varðandi símenntun.

Þá hefur SÍMEY líka tekið að sér að halda utan um dyrvæðanámsskeið sem félagið hefur verið með í samstarfi við Lögregluna á Norðurlandi eystra undanfarna áratugi. Ég bind miklar vonir við þetta samstarf og tel það til heilla fyrir okkar félagsmenn,“ segir Björn Snæbjörnsson.

SÍMEY býður upp á fjöldamörg námskeið sem eru bæði starfstengd og tengd áhugamálum hvers og eins. Fjölmörg námskeið og námsleiðir eru í boði og geta áhugasamir kíkt á www.simey.is til að sjá hvað er í boði.

Vert er að minna félagsmenn sem starfa hjá

ríki og sveitarfélögum á að starfsmenntasjóðirnir Sveitamennt og Ríkismennt greiða námskeiðsgjald vegna þátttöku almennra starfsmanna sveitarfélaga og ríkisins. Þetta á einnig við um stofnanir ríkis og sveitarfélaga sem eru aðilar að Sveitamennt og Ríkismennt.



Að lokinni undirskrift. F.v.: Björn Snæbjörnsson, Ingunn Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi hjá SÍMEY, og Valgeir Magnússon, framkvæmdastjóri SÍMEY.

Óskum sjóðfélögum
og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla!



Fékkst þú sjóðfélagayfirlit?

- Það er mikilvægt að bera iðgjaldagreiðslur saman við launaseðla.
- Athuga þarf hvort launagreiðandi skili inn mótframlagi í samræmi við kjarasamning.

Hægt er að skoða útsend yfirlit á sjóðfélagavef Stapa. Hafðu samband við sjóðinn ef iðgjöld vantar eða þú hefur ekki fengið yfirlit en telur að vinnuveitandi hafi átt að skila til sjóðsins.

Lífeyrisréttindi grundvallast af þeim iðgjöldum sem skila sér til sjóðsins.

Strandgötu 3, 600 Akureyri
Hafnarbraut 20, 740 Neskaupstað

Sími 460 4500

www.stapi.is
stapi@stapi.is

Orlofsferðir Einingar-löðu á árinu 2020

Hjá félaginu starfar ferðanefnd sem undirbýr og skipuleggur ferðir á hverju ári fyrir félagsmenn. Aðalfundur ár hvert kys fjóra félagsmenn í nefndina, en auk þeirra á formaður félagsins og í forföllum hans varaformaður, sæti í nefndinni. Í ár, eins og undanfarin ár, verða þrjár ferðir í boði; utanlandsferð, ferð innanlands og eins dags ferð fyrir eldri félagsmenn. Nánar má lesa um ferðirnar hér fyrir neðan.

Ítölsku Alparnir og Garda

- 6. til 14. júní 2020

Farið verður til Ítalíu dagana 6. til 14. júní 2020, ef næg þátttaka fæst. Hámark 50 manns. Flogið verður frá Keflavík til München og heim aftur til Keflavíkur frá Milanó.

Á fyrsta degi verður flogið frá Keflavík til München og ekið sem leið liggur til þýska skíðabæjarins Garmisch-Partenkirchen. Gist verður eina nótt á Hotel Königshof.

Á öðrum degi verður haldið suður á bóginn yfir Brennerskarð í Austurríki til Brixen í Suður-Tíról á Ítalíu. Gist á Hotel Grüner Baum í fimm nætur.

Á þriðja degi verður farin dagsferð til Dólómítafjallgarðsins sem er einn þekktasti fjallgarður í Ölpunum. Hann er á heimsminjaskrá UNESCO. Farið með kláf upp á Pordojfjall sem er í um það bil 3.000 metra hæð. Á heimleið ekið fram hjá Rosengarten-tindunum

Á fjórða degi verður farið til Alpabæjarins St. Ulrich í Val Gardena sem er afar fallegur og þekktur fyrir útskurð. Þetta er fæðingarstaður Sigurðar Dementz óperusöngvari og tónlistarkennara. Farið verður með kláf upp á Seiser Alm, sem er hæsta hálendisléttu Evrópu.

Á fimmta degi verður ekið til Merano, borgin var áður höfuðborg Tíról. Á heimleiðinni verður klaustrið Neustift heimsótt og þar verður vínsmökkun.

Á sjötta degi förum við með kláfi upp á heima fjall Brixen sem heitir Plose (2.542 metrar).

Á sjöunda degi kveðjum við Brixen og höldum til Rovereto í Vallagarina í nágrenni Gardavatns. Gist á Hótel Leon d'Oro í tvær nætur.

Á áttunda degi verður farið í siglingu á Gardavatni frá bænum Riva del

Garda til bæjanna Limone og Malcesine. Eftir siglingu er frjálfs dagur í Riva.

Á níunda degi verður ekið til Milanó og flogið heim til Íslands kl. 20:40. Lending í Keflavík kl. 22:55.

Leiðsögumaður verður Harpa Hallgrímsdóttir og fararstjóri Björn Snæbjörnsson.

Verð kr. 262.000 á mann í tveggja manna herbergi en kr. 292.000 í eins manns herbergi Óafturkræft staðfestingargjald er kr. 50.000 sem þarf að greiða innan 10 daga frá pöntun.

Athugið! Boðið verður upp á rútuferð til Keflavíkur 5. júní og heim 14. júní. Einnig verður boðið upp á gistingu í Keflavík aðfarnótt 6. júní ef einhver óskar eftir því.

Dregnir verða 18 orlofspunktar frá punktæign þeirra sem fara í ferðina.

Innifalið í verði:

- Akstur: Allur akstur erlendis.
- Flug: Keflavík – München – Milanó -Keflavík.
- Gisting: Átta nætur í tveggja manna herbergjum á hótélum með morgunverði.
- Átta kvöldverðir innifaldir erlendis.

Ekki innifalið í verði:

- Ferðir og gisting innanlands
- Aðgangseyrir í söfn, kláfa og aðra áhugaverða staði þar sem þarf að borga inn.
- Vínsmökkun.
- Sigling á Gardavatninu.

Flateyjardalur

Farin verður dagsferð út í Flateyjardal laugardaginn 29. ágúst 2020. Hámarksfjöldi er 90 manns.

Farið verður með rútu frá Akureyri. Nauðsymlegt er að hafa með sér nesti til dagsins, annað en grillmat.

Ferðin kostar kr. 5.000 á mann, innifalið er akstur, grillmat, safar og meðlæti.

Leiðsögumaður verður með í för.



Eins dags ferðin

Hin árlega eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-löjufélaga verður farin 26. júní 2020. Farið verður austur í Bárðardal þar sem snæddur verður hádegisverður. Þaðan verður farið í Mývatnssveit, ekinn Aðaldalurinn og að lokum til Akureyrar. Kaffi verður drukkið á Stórutjörnum.

Ferðin kostar kr. 5.000 á mann.

Allar nánari upplýsingar um ferðatilhögun og skráning í ferðirnar verður á skrifstofum félagsins, sími 460 3600 eða netfangið ein@ein.is, frá föstudegnum 3. janúar 2020. Þá verður hægt að skrá sig í utanlandsferðina og í ferðina út í Flateyjaral.

Athugið að síðar verður auglýst hvenær byrjað verður að skrá í eins dags ferðina.

Finnst þér verkalýðsbarátta tilgangslaus?

Ok, ekkert mál,
en viltu þá ekki sleppa því að nýta þér orlof, uppsagnarfrest, sjúkrasjóði, veikindarétt, fæðingarorlof, lífeyrissjóði, hvíldartíma, ódýrt leiguhúsnaði og önnur réttindi sem áunnist hafa í 100 ára baráttu ASÍ ... sem eru þín réttindi í dag



Polar HESTAR
Join us for some
RIDING TOURS
to experience the Icelandic nature on horseback!

Grytubakki II
Akureyri 601
Tel. +354 896 1879 | +354 893 1879
www.polarhestar.is
polarhestar@polarhestar.is

TRIPADVISOR
BEST OF EXCELLENCE

KEA

Bragðið sem býr til jólin

NORÐLENSKA

- VERDI ÞÉR AD GÓDU



Drífa Snædal, forseti ASÍ

- fyrst kvenna til að gegna embættinu í meira en 100 ára sögu sambandsins

Fyrir rúmu ári var Drífa Snædal kosin forseti ASÍ og varð þar með fyrsta konan í rúmlega 100 ára sögu sambandsins til að gegna embættinu. Tíðindamaður blaðsins heyrði í Drífu og fékk hana til að vera með smá hugleiðingu um þessi merku tímamót og árið í embætti.

Þegar ég tók við embætti forseta ASÍ fyrir ári síðan var ég fyrsta konan til að gegna embættinu í meira en 100 ára sögu sambandsins. Tilfinningin var nánast yfirþyrmandi (ég klökknaði smá í þakkaræðunni) og ég upplifði þetta sem sögulega stund þó ég hafi ekki lagt mikla áherslu á kyn mitt í aðdraganda kjörsins. Það hefur tekið miklu lengri tíma fyrir verkalyðshreyfinguna að jafna kynjahlutföll heldur en aðrar lýðræðislegar hreyfingar og er það sennilega vegna uppbyggingar hreyfingarinnar og hversu lengi fólk situr sem kjörnir fulltrúar innan hennar. Svo má benda á það að á sínum tíma voru félög verkakarla og verkakvenna sameinuð og í grófum dráttum urðu formenn í verkakarlafélögnum áfram formenn í nýju félagi en konurnar varaformenn. Þetta er að sjálfsgöðu óþolandi ástand og ekki nóg að kjósa konu sem forseta ef aðrar kynjabreytur halda sér. Sem betur fer þá tókst líka að laga kynjahlutföll í miðstjórn ASÍ á síðasta þingi þannig að loksins er verkalyðshreyfingin að ná því sem telst ásættanlegt þó víða þurfi enn að taka til hendinni. Enn finn ég fyrir rótgrónum kynjuðum viðhorfum og ímynd samfélagsins af verkalyðshetju er enn karlmaðurinn sem rífur kjaft og hefur hátt. Konur hafa oft og tíðum aðrar aðferðir, þó það sé vissulega ekki algilt, og hljóta fyrir vikið gagnrýni fyrir að taka ekki nóg af skarið og vera of varkárar. Það þarf hins vegar ekki að vera galli nema síður sé.

Spennandi tímar

Ég tek við á óskaplega spennandi tíma í hreyfingunni en ég tel mig hafa fundið fyrir því síðan ég hóf störf innan hennar að verkalyðsmál hafa tekið sífellt meira pláss í þjóðmálaumræðunni og er það vel.

Auðvitað á að ræða verkalyðsmál, kaup og kjör og almenn lífsskilyrði alltaf og alls staðar. Hreyfingin er hins vegar stór og sterk og margar raddir innan hennar og það er mikil áskorun að ná samkomulagi, sátt og málamiðlunum. Það hefur tekist vonum framfar í vetur. Að auki höfum við verið í góðu samstarfi og samráði við aðrar hreyfingar og nefni ég þar Öryrkjabandalagið sem dæmi. Ég hef áhuga á að efla samstarfið út á við enn frekar með samráði og samtali við félög aldraðra, neytenda og leigjenda svo dæmi sé tekið. Sömuleiðis höfum við Sonja Þorbergsdóttir, formaður BSRB, lagt mikið upp úr góðu samstarfi á milli þessara burðarstólpa íslenskra stéttarféлага og eigum samstarf um fjölda verkefna. Ég hef þá einföldu sýn að skipulag hreyfingarinnar, hvort sem það er bara innan ASÍ eða verkalyðshreyfingarinnar í heild, má ekki þvælast fyrir þeim skyldum sem við berum gagnvart okkar félagsmönnum. Almennir félagar eiga þá skýlausu kröfu á

okkur að við þróum okkar starfsemi þannig að það þjónusti þá best á hverjum tíma.

Ég er til dæmis sannfærð um að það sé einungis tímaspursmál hvenær ASÍ og BSRB sameinist undir einn hatt og verði öflugri bak-hjarl vinnandi fólks. Sama má segja um landsamböndin okkar, en við þurfum að finna leiðir til að efla okkur út frá atvinnugreinum sérstaklega til að geta samið á grundvelli greina og stutt betur faglega við okkar félagsmenn. Hvar sem ég kem að ræða við kjörna fulltrúa í okkar góðu hreyfingu bið ég þá um að spyrja sig þeirrar spurningar hvernig við myndum byggja upp hreyfingu í dag ef við værum með autt blað. Í þeirri spurningu felst hvernig við þjónustum okkar félagsmenn sem best og sækjum fram í réttindum þeirra.

Rannsóknarstofnun í vinnu- markaðsfræðum

Hluti af því að sækja fram um betri rétt og aukin lífsgæði er að framleiða þekkingu á okkar forsendum sem við getum nýtt í viðræðum við atvinnurekendur og stjórnvöld og í almennum umræðum. Við erum því að stofna rannsóknarsetur vinnandi fólks til að efla okkur á þessu sviði. Við höfum mýmörg dæmi um hvernig okkar rannsóknir og greiningar geta skipt sköpum í hagsmunabaráttu og nefni ég þar skýrsluna um launabjófnað, skýrslu um skattbreytingar og áhrif þeirra á launafólk og margt fleira. Þessar greiningar komu heldur betur að notum í viðræðum við stjórnvöld og þeim árangri sem við náðum í lífskjarasamningunum og eftirmála þeirra.

Öll lífsgæði almennings eru undir

Við tókum ansi stórt upp í okkur í viðræðunum í vor, bæði við atvinnurekendur og ekki síst stjórnvöld og kom þá berlega í ljós að verkalyðshreyfingin fjallar ekki bara um kauptaxta heldur eru öll lífsgæði almennings undir. Skattar, réttindi á vinnumarkaði, húsnæðismál og fjármálakerfið er á borði



Drífa Snædal, forseti ASÍ.

okkar sem gerir auðvitað verkalýðsbaráttuna fjölbreytta, flókna og svakalega spennandi. Með yfirvofandi breytingum bæði í tækni og loftslagsvá mun eðli baráttunnar breytast líka. Ekki er hægt að reikna með endalausum hagvexti í framtíðinni og sjónum verður frekar beint að skiptingu gæðanna. Út um allan heim sjáum við mikil mótmæli og jafnvel byltingar vegna breytinga á velferðarkerfum og þessi átök fjalla í grunninn um skiptingu gæða, jöfnuð og jafnrétti. Við erum komin að endastöð í misskiptingunni í heiminum og þau samfélög sem tryggja ekki sanngjarna skiptingu gæðanna verða átakasamfélög. Besta leiðin til að tryggja sanngjarnt samfélag er í gegnum skatta og velferð og því verður umræða um skattkerfi, auðlindagjöld og velferð fyrirferðameiri á næstu árum og áratugum en er nú þegar.

Samfélagið okkar er þeirrar gerðar að við höfum allar forsendur til að standa okkur vel í þeim verkefnum en það mun mæta andstöðu þeirra sem eiga auðinn og ætla ekki að sleppa hendinni af völdum og peningum. Verkefni framundan eru því bæði kunnugleg og ný af nálinni en sterk verkalýðshreyfing er lykillinn að réttlátum framförum. Þar stöndum við vel að vígi hér á landi, reyndar betur en í flestum öðrum löndum.

Upplýsingagjöf skiptir máli

Það er ágætt að líta í kringum okkur til nágrennalandanna og jafnvel lengra til að skilja hvaða árangri íslensk verkalýðshreyfing hefur náð en það er sannanlega ekki sjálfsagður árangur. Við mættum vera betri í að segja frá honum en í amstri dagsins verður það oft útundan að gera samfélaginu grein fyrir að

hverju við erum að vinna hverju sinni. Ég skildi það um leið og ég mætti til starfa sem forseti að ég þyrfti að koma upplýsingagjöf frá mér í fastar skorður. Þess vegna ákvað ég að byrja að skrifa föstudagspistla svo ég myndi nú örugglega eftir því að láta eitthvað frá mér fara. Mér leiðist að fylgjast með öllu á Facebook og bregðast við þar enda er það frekar ómurlegur vettvangur til almennra skoðanaskipta en á sama hátt á fólk heimtingu á að vita hvaða áherslur ég og hreyfingin leggur. Þetta var því ágætis niðurstaða og ég reyni að halda þeim við þó vissulega hafi einhverjir föstudagar dottið niður. Til dæmis þótti mér ekki óhætt að greina frá afstöðu minni til undirokunar Palestínumanna á meðan ég var stödd í Palestínu og því varð föstudagspistillinn að mánudagspistli.

Verkalýðshreyfingin er alþjóðleg

Palestínuferðin sem ASÍ skipulagði í október var dæmi um nauðsyn þess að líta út fyrir landamæri okkar fámenna lands og sýna undirokuðum félögum í öðrum löndum samstöðu. Palestína er hernumið land og er markvisst og skipulega þrengt að frelsi og réttindum þeirra sem landið byggja bæði með lagasetningu og hreinlega múrum. Það skilja þetta fáir nema hafa komið þangað og ekki síst talað við fólk í friðarhreyfingu Palestínumanna, stéttarfélögum og kvannahreyfingum. Við nutum þess að spjalla við þessa fulltrúa og enginn kom ósnortinn úr ferðinni.

Sú gagnrýni sem fylgdi í kjölfarið á ASÍ og mig persónulega er sprottin úr vanþekkingu á aðstæðum og af trúarlegum rótum. Ég lít hins vegar á stöðuna fyrir botni Miðjarðarhafs sem

heimsvaldastefnu og valdniðslu frekar en trúarbragðastríð enda hafa hinir ýmsu trúarhópar lifað þarna lengst af í sátt og samlyndi. Verkalýðshreyfingin er alþjóðleg og á góðum dögum kölluð stærsta friðarhreyfing heims og við eigum að vera stolt af því að tilheyra miklu stærra mengi en landamæri Íslands segja til um. Við eigum líka að láta okkur varða stöðu mannréttinda í heiminum, sérstaklega þar sem kúgun er jafn augljós og í Palestínu.

Mikil forréttindi

Eftir að hafa setið eitt ár sem forseti ASÍ er mér efst í huga hvað það eru mikil forréttindi að fá að vinna með öllum þeim snillingum sem skipa hinar ólíku stöður innan hreyfingarinnar. Það eru stórir persónuleikar sem eru eðli málsins samkvæmt ekki alltaf sammála en allir bera hagvinnandi fólks fyrir brjósti. Það skemmtilegasta sem ég geri, og gefur mér byr undir báða vængi, er að hitta trúnaðarmenn og almenna félagsmenn á fundum um allt land. Þar finn ég vel hjartsláttinn í hreyfingunni, hin hversdagslegu en jafnframt stóru vandamál vinnandi fólks eru til umræðu og ég kem ríkari og baráttuglaðari til verka eftir slíka fundi. Hreyfingin okkar er fjöregg þar sem þúsundir taka þátt sem kjörnir fulltrúar, trúnaðarmenn eða almennir virkir félagsmenn og það er gott að finna að fólk þykir vænt um hreyfinguna en gerir jafnframt miklar og ríkar kröfur til hennar. Þannig á það að vera og við sem erum kjörin til starfa þurfum að standa undir þeim væntingum að sækja ávallt fram og ekki síst verja áunnin réttindi.



Fræðslustyrkir geta numið allt að kr. 100.000 kr. á ári



Eining-löjla hvetur félagsmenn sína, sem hyggjast sækja námskeið eða er í námi til að kanna rétt sinn á einstaklingsstyrkjum í gegnum fræðslusjóðina sem félagið er aðili að, Landsmennt, Sveitamennt og Ríkismennt.

Félagsmaður sem unnið hefur fullt starf í a.m.k. sex mánuði af síðustu 24 og greitt til félagsins á þeim tíma á rétt á stuðningi til starfsnáms. Einnig þarf að greiða til félagsins meðan á námi stendur. Við ákvörðun upphæðar er miðað við greidd félagsgjöld síðustu 12 mánaða, en félagsgjald af lágmarkslaunum í 100% starfi eða meira gefur fulla styrkuppþæð. Umsókn þarf að berast til félagsins innan 12 mánaða frá dagsetningu reiknings.

Fræðslustyrkir félagsins geta numið allt að kr. 100.000 á ári ef viðkomandi er í fullu starfi, þó að hámarki 75% af kostnaði. Hjá Landsmennt er aldrei greitt meira en sem nemur 75% af heildarkostnaði við hvert námskeið, en þeir sem tilheyra Ríkismennt og Sveitamennt eiga rétt á 90% endurgreiðslu af heildarkostnaði þegar um er að ræða nám sem félagsmaður ákveður að fara í og er í beinu samhengi við starf viðkomandi.

Tómstundanám

Sjóðirnir veita styrki vegna tómstundanám-skeiða ýmiskonar og er endurgreiðsla vegna þeirra 75% af kostnaði en aldrei hærra en kr. 30.000 á ári og dregst jafnframt af heildarupp-hæð einstaklingsstyrks þess árs

Uppsafnaður réttur; aukinn styrkur til náms

Félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn sjó-ustu þrjú ár, eiga rétt á styrk allt að kr. 300.000 fyrir eitt samfellt nám/námskeið skv. reglum sjóðanna. Ferðakostnaður vegna náms getur að hámarki orðið kr. 100.000.- sem hluti af kostn-aði náms/námskeiðs í þessu tilvik. Greiðslur til sjóðsins þurfa að hafa borist sjóðnum að lág-arki í 30 mánuði af síðustu 36 mánuðum fyrir dagsetningu umsóknar.

Með umsókn um styrk skal skila reikningi sem er á nafni félagsmanns þar sem fram kemur nám/námskeiðslýsing, nafn og kennitala fræðsluaðila. Ef ekki kemur fram staðfesting á greiðslu á reikningi þarf að skila til viðbótar staðfestingu á greiðslu, t.d. úr heimabanka eða greiðslukvittun frá viðkomandi skóla/fyrirtæki. Reikningur má ekki vera eldri en 12 mánaða.

Aðalbjörg G. Hauksdóttir, starfsmaður félags-ins, ein@ein.is eða **460 3600**, veitir nánari upplýsingar um styrki úr fræðslusjóðunum. Einnig er hægt að nálgast allar upplýsingar um sjóðina á heimasíðu félagsins, www.ein.is undir sjóðir og styrkir og á heimasíðum sjóðanna www.landsmennt.is, www.rikismennt.is og www.sveitamennt.is.

Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka at-vinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni, um er að ræða stéttarfélag innan Starfsgreina-sambands Íslands (SGS). Ríkismennt er þróun-ar- og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarféлага SGS. Sveitamennt er starfsmenntunarsjóður starfs-manna sveitarféлага á landsbyggðinni innan aðildarféлага SGS.



Samningur um starfstengda símenntun

Fyrir á árinu gerði Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY) samninga við starfsmenntunarsjóðina Sveitamennt, Ríkismennt um starfstengda símenntun. Með samningnum var tekið fyrsta skrefið í átt að auknu og markvissu samstarfi á milli aðilanna í þágu þekkingaröflunar starfsmanna og sveitarféлага og ríkisstofnana á Norðurlandi.

Þessi samningur þýðir að sjóðirnir munu greiða fyrir þátttöku þeirra almennu starfsmanna sveitarféлага og ríkisstofnana, stofnana þeirra og sjálfseignastofnana sem eru aðilar að Sveitamennt og Ríkismennt. Hér er um að ræða þátttöku starfsmanna í starfstengdum námskeiðum sem skipulögð eru af SÍMEY.



Félagsmenn í Einingu-löjlu sem eiga aðild að Ríkismennt og Sveitamennt geta því sótt námskeið hjá SÍMEY og greiða sjóðirnir fyrir þátttöku þeirra að fullu.

Athugið að þátttaka mun ekki skerða einstaklingsstyrki starfsmanna í starfsmenntasjóðum.



Skólaheimsóknir í 10. bekk

Frá árinu 1998 hafa starfsmenn Einingar-löjlu farið í skólaheimsóknir í alla 10. bekki á félagssvæðinu. Vanalega er vorönnin notuð, en að ósk Akureyrarbæjar var ákveðið að fara í skólana á Akureyri í október. Farið verður með fræðslu í aðra skóla á félagssvæðinu næsta vor eins og áður. Anna Júlíusdóttir, varaformaður félagsins, sér um þessa fræðslu segir hún að krakkarnir væru upp til hópa mjög áhugasamir og kæmu yfirleitt með fjölmargar spurningar til hennar.

Þessi fræðsla skilar sér með aukinni aðsókn ungmenna til félagsins með allskyns mál, en í þessum heimsóknum er m.a. dreift bæklingnum „Láttu ekki plata þig!“ og kynnt fyrir nemendum í hverju starf stéttarfélagi er fólgið og um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Bæklingurinn er sérstaklega ætlaður ungu fólki sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði, en með honum býður verkalyðshreyfingin allt ungt fólk velkomið í hóp félaga sinna og heitir því liðsinni sínu og væntir einnig þátttöku ungs fólks í félagslegu starfi hreyfingarinnar.

Starfsmenn félagsins hafa einnig farið í Verkmenntaskólann á Akureyri og Menntaskólann á Akureyri og kynnt félagið og farið yfir réttindi og skyldur á vinnumarkaði.

Laun um jólin

Samkvæmt kjarasamningum ber atvinnurekendum að greiða starfsfólki yfirvinnu eða eftir atvikum álag á stórhátíðum, en þeir dagar sem slíkt gildir um eru:

Aðfangadagur eftir kl. 12, jóladagur, gamlársgdagur eftir kl. 12 og nýársdagur.

Öll vinna á stórhátíðardögum greiðist með tímakaupi, sem er 1,375% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Fyrir yfirvinnu á öðrum frídögum skal greiða 80% álag á dagvinnutímakaup eða 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Annar í jólum telst almennur frídagur.

Í vaktavinnu eru til tvær reglur um greiðslur á þessum dögum. Annars vegar hjá þeim sem fá vetrarfrí og svo hjá hinum sem ekki eru með vetrarfrí.

Starfsmenn í fullu starfi, sem vinna reglubundna vaktavinnu, vinna sér inn 12 vetrarfrídaga á ári vegna samningsbundinna helgi- og tyllidaga sem falla á mánudaga til föstudaga í vinnuvikunni. Á þetta við um starfsfólk sem hefur unnið fulla vaktavinnu í einn mánuð eða lengur.

Undantekningar:

- ♦ Starfsfólk sem sinnir hlutastarfi í vaktavinnu á hlutfallslegan rétt í samræmi við starfshlutfall.
- ♦ Starfsfólk í tilfallandi vinnu á rétt á stórhátíðarkaupi vegna vinnu á stórhátíðardögum.

Ef vetrarfrísregla á við þá er greitt 90% álag á stórhátíðardögum.

Ef vetrarfrí er ekki veitt skal greitt stórhátíðarkaup á stórhátíðardögum.

Gleðilega hátíð

Við óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

 ásprent

Vel heppnaður fræðsludagur

Árlegur fræðsludagur Einingar-löju fyrir trúnaðarmenn, starfsmenn og aðra sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið fór fram þriðjudaginn 15. október sl. Félagið er búið að halda dag sem þennan síðan 2010 á nokkrum stöðum um fjórðinn, en í ár fór hann fram í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit. Um 80 félagar tóku þátt í deginum sem tókst í alla staði mjög vel, en dagskráin var blanda af fyrirlesturum og hópavinnu.

Anna Júlíusdóttir, varaformaður félagsins, sagði í upphafi fundar að í tilefni dagsins fái fundarmenn afhenta smá gjöf frá félaginu. „Eins og þið sjið þá getið þið valið um að fá rauða svuntu eða gráa. Við verjum okkar fólk stendur á svuntunum. Það eru nú engin ný sannindi því það gerum við alla daga, en við verjum ykkur þá líka núna við matargerðina.“

Davíð Lúther Sigurðarson, framkvæmdastjóri Sahara, byrjaði dagskrá með mjög góðu erindi um samfélagsmiðla og falsfréttir. Næst í pontu steig Jóna Finndís Jónsdóttir, forstöðumaður réttindasviðs Stapa lífeyrisjóðs, og fjallaði um lífeyrismál.

Eftir léttan hádegisverð sem veitingastaðurinn Strikið sá um var komið að Drífu Snædal, forseta ASÍ, en hún fjallaði m.a. um stöðuna varðandi kjaramálin í dag, skipulag verkalyðshreyfingarinnar, verkefni framundan hjá ASÍ sem eru fjölmörg og breytingar á vinnumarkaði. Hún sagði líka frá rannsóknarstofnun í vinnumarkaðsfræðum sem ASÍ og BSRB hafa ákveðið að setja á fót til að efla rannsóknir á sviði vinnumarkaðar, félags- og efnahagsmála.

Að lokum erindi Drífu var komið að Grétari Theódórssyni, almanna- tengli hjá Innsýn, sem fjallaði um hvernig ásýnd hreyfingarinnar var í samningunum í vetur. Næst var kynning á Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrenni, en þær Regína sem er sálfræðingur hjá KAON og Katrín hjúkrunarfræðingur sögðu frá félaginu og hvað þar væri í boði. Tveir ungir stjórnamenn í aðalstjórn Einingar-löju tóku næst til máls, þau Sigurpáll og Guðbjörg, og fjölluðu um ungt fólk og stéttarfélög. Því næst komu tveir fulltrúar frá Grófinni – geðverndarmiðstöð og voru með

kynningu á þeirra starfsemi. Þarna voru á ferð forstöðumaður Grófarinnar, Valdís Eyja Pálsdóttir sálfræðingur og Friðrik Einarsson stjórnarformaður Grófarinnar og einn af stofnendum miðstöðvarinnar.

Fjölmargar fyrirspurnir komu úr sal og urðu úr góðar umræður út frá þessum erindum, sem öll voru alveg frábær og þakkar félagið fyrirlesur- unum fyrir þeirra framlag til fundarins.

Síðasti dagskrárliðurinn var hópavinna, en þá var öllum skipt upp í hópa þar sem teknar voru fyrir tvær spurningar í sambandi við fræðslu til félagsmanna. Niðurstöður dagsins verða svo nýttar þegar farið verður í rýnivinnu við endurskoðun á fræðslunni hjá ASÍ. Eyrún Björk Valsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar ASÍ og Skólastjóri Félagsmálaskóla alþýðu, hafði yfirumsjón með hópavinnunni.

Frábær dagur með frábæru fólki!



Hvetjum alla til að vinna fyrir félagið sitt

Í lok fræðsludagsins heyrði tíðindamaður blaðsins í tveimur ungum trúnaðarmönnum, sem sátu sinn fyrsta fræðsludag hjá félaginu, til að kanna hvernig þeim hefði litist á. Þetta eru þær Sunna Líf Jóhannsdóttir og Sara Katrín Sandholt, en báðar voru þær nýlega kosnar trúnaðarmenn á sínum vinnustöðum og voru því í fyrsta sinn á fræðsludegi félagsins. Aðspurðar voru þær sammála um að vel hefði tekist til með daginn. Sögðu að erindin hefðu verið bæði fróðleg og áhugaverð og að það hefði verið gaman að hitta aðra trúnaðarmenn hjá félaginu.

Sunna Líf sagði að dagurinn hefði verið mjög áhugaverður. „Ég var alveg meðvituð um að ég væri ekki fróð um þessi mál á þessu stigi og þessi fræðsla í dag ýtti ennþá frekar á það. Því er það margt sem ég hlakka til að kynna mér betur varðandi starfið.“ Sara Katrín sagðist vera algjörlega sammála Sunnu um að fræðslan hefði verið góð, „ég sé bara eftir því að hafa ekki orðið trúnaðarmaður fyrr því svona fræðsla er alveg frábær. Þetta er ekki bara að fara að efla mig í starfi sem trúnaðarmenn heldur líka sem einstakling, eins og í samskiptum og slíkt.“

Þær eru báðar ungar að árum og því forvitnaðist tíðindamaður blaðsins um áhuga þeirra á þessum málum og af hverju þær væru trúnaðarmenn á sínum vinnustað. Sunna Líf sagðist nú bara hafa verið kosin. „Ég bauð mig nú ekki



F.v.: Sara Katrín Sandholt og Sunna Líf Jóhannsdóttir voru að sitja sinn fyrsta fræðsludag og voru sammála um að vel hefði tekist til. Hér má sjá þær í svuntum sem var gjöf frá félaginu til þeirra sem tóku þátt í fræðsludeginum.

fram. Það voru kosningar og svo fékk ég símtal frá Einingu-löju þar sem mér var tilkynnt um að ég hefði fengið flest atkvæði. Fyrstu viðbrögð voru eiginlega að segja nei, en konan sem hringdi í mig frá félaginu kynnti starfið fyrir mér, talaði m.a. um alla þá fræðslu sem fylgir þannig að ég hugsaði mig betur um og sé ekki eftir því að hafa sagt já. Ég eins og aðrir sem taka að sér starf sem þetta verða að hafa áhuga fyrir að efla sig í því, t.d. með því að fara á námskeið. Eins og ég sagði áðan þá veit ég ekki mikið um þessi mál núna en ég er fús til að læra og mun þannig geta aðstoðað vinnufélagana þegar eða ef þeir leita til mín“

„Trúnaðarmaðurinn sem var hjá okkur var að skipta um vinnu þannig að þá þurfti að kjósa nýjan. Það bauð sig enginn fram þannig að ég ákvað að gera það, þó ég vissi lítið sem ekkert um þetta, og var kosin,“ sagði Sara Katrín og bætti við að hún hefði haldið að þetta væri ekki skemmtilegt þar sem enginn vildi bjóða sig fram, „en þegar ég fékk að vita út á hvað þetta gengur þá var ég mjög glöð að hafa boðið mig fram. Til dæmis að fá að taka þátt í fræðsludegi eins og þessum og fara á trúnaðarmannanámskeið.“

Þær voru sammála um að hvetja alla sem tók hafa á að sækjast eftir því að verða trúnaðarmenn og vinna þannig fyrir félagið

Jólasveinaheimsóknir í desember

19. des	kl. 16:30 - 17:30	Jólasveinar koma í heimsókn
20. des	kl. 16:30 - 17:30	Jólasveinar koma í heimsókn
21. des	kl. 14:00 - 16:00	Jólasveinar koma í heimsókn
22. des	kl. 13:30 - 14:30	Jólasveinar koma í heimsókn
22. des	kl. 17:00 - 18:00	Jólasveinar koma í heimsókn
23. des	kl. 13:00 - 14:00	Jólasveinar koma í heimsókn
23. des	kl. 15:00 - 17:00	Jólasveinar koma í heimsókn



GLERÁRTORG

-af lífi & sál-

Björn endurkjörinn formaður SGS

Sjöunda þing Starfsgreinasambands Íslands fór fram í lok október í Reykjavík. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, var endurkjörinn formaður til næstu tveggja ára. Þingið stóð yfir í tvo daga og var mikill kraftur í umræðum á því m.a. um kjaramál í viðtækum skilningi, baráttu við launabjórnað, húsnæðismál, mikilvægi þess að vaxtalækkunar skili sér til almennings og heilbrigðismál, sérstaklega þann mikla kostnað sem íbúar landsbyggðarinnar bera við að sækja sér nauðsynlega lækniþjónustu.

Þingið er æðsta stofnun Starfsgreinasambandsins, en sambandið eru regnhlífasmök um 70 þúsund almenns og sérhæfðs verkafólks um allt land. Á þingið í ár mættu alls um 140 fulltrúar frá 19 aðildarfélögum sambandsins, þar af voru 11 fulltrúa frá Einingu-löju.

Björn sagði m.a. í setningarræðu sinni að „ábyrgð okkar sem erum fulltrúar vinnandi fólks er mikil. Það er ekki aðeins vinnumarkaðurinn sem tekur breytingum, skipulag verkalyðshreyfingarinnar á og verður að vera í sífelldri endurskoðun. Sterk og öflug verkalyðshreyfing er einn af hornsteinum samfélagsins og sá lagarammi sem hreyfingunni er skapaður til þess að starfa eftir. Hlutverk okkar er fyrst og fremst að veita góða þjónustu, vera tilbúin til að taka framtíðaráskorunum og sjá til þess leikreglur vinnumarkaðarins séu virtar. Skipulag og uppbygging verkalyðshreyfingarinnar má ekki verða „fjötur um fót“ í þessum verkefnum.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að uppstokkun hefur orðið í mörgum verkalyðsfélögum á undanförunum misserum, nýtt fólk hefur tekið við forystunni, með áherslubreytingum sem nýju fólki fylgja. Auðvitað á það að vera þannig að lýðræðisleg endurnýjun sé sjálf-sögð. Og það sem meira er, hún er nauðsynleg. Núna er mjög talað um að sameina sveitarfélög og ekki er ólíklegt að það takist á næstu árum. Meðal annars er talað um mikilvægi þess að sameina, vegna þess að verkefni sveitarfélaganna eru að verða stærri og um margt flóknari úrlausnar. Á margan hátt er staðan svipuð á okkar vettvangi, verkalyðshreyfingunni. Starfsemin tekur breytingum í áruna rás, og verkefni verða flóknari. Við þekkjum þetta vel. Við skulum hiklaust taka umræðuna um að sameina félög eða efla samstarfið til mikilla muna. Lykilsteifið er að þjónustan við félagsmenn verði efst á blaði, ásamt auknum slagkrafti við samningaborðið. Þetta er



Ný framkvæmdastjórn SGS.

stórmál og af samtölum mínum við forystufólk innan verkalyðshreyfingarinnar er greinilegt að ákall er um aukið samstarf á milli stéttarféлага. Umræðan um sameiningu er sömuleiðis þyngri og ákveðnari.

Við heyrum oft að stéttarfélög séu í rauninni óþörf. Þetta er lævis áróður, sem á sér enga stoð í raunveruleikanum. Allar tölur sýna svart á hvítu að málum sem berast á borð verkalyðshreyfingarinnar fjölga ár frá ári og tilkynningar um alvarleg brot á vinnumarkaði verða æ algengari. Og ég spyr: Er engin þörf fyrir hags-



munagæslu verkafólks í þannig umhverfi? Mér dettur ekki annað í hug en að þessi áróður haldi áfram, en þá er það einfaldlega okkar að svara af festu og einurð. Því öflugri sem verkalyðshreyfingin er, því betur tryggjum við sjónarmið og hagsmuni launafólks. Þannig stuðlum við að lýðræðislegri þróun samfélagsins, bættum lífskjörum allra og jafnrétti.

Nei, góðir félagar, stéttarfélög eru ekki óþörf. Langt í frá. Hins vegar skulum við hafa það hugfast að lykillinn að öflugu starfi, er að verkalyðshreyfingin verði alltaf í mótun og svari kalli tímans. Og það skulum við gera, meðal annars með því að ræða opinskátt um sameiningu og stóruauna samvinnu.“

Ræðuna í heild má finna á vef félagsins, www.ein.is.

Á þinginu var forysta sambandsins kjörin til næstu tveggja ára. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, var endurkjörinn formaður SGS til tveggja ára eins og áður segir og Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, var kjörin nýr varaformaður SGS. Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir sem verið hefur varaformaður gaf ekki kost á sér áfram, en hún tekur hins vegar sæti í framkvæmdastjórn sambandsins. Á þinginu var samþykkt að stækka framkvæmdastjórnina og skipa hana nú sjö meðstjórnendur auk formanns og varaformanns.

Aðalmenn í framkvæmdastjórn SGS eftir kjörið eru: Finnboði Sveinbjörnsson frá Verkalyðsfélagi Vestfirðinga, Aðalsteinn Á. Baldursson frá Framsýn stéttarfélagi, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir frá AFLi starfsgreinafélagi, Halldóra S. Sveinsdóttir frá Bárinni stéttarfélagi, Kolbeinn Gunnarsson frá Verkalyðsfélaginu Hlíf, Guðbjörg Kristmundsdóttir frá VFSK og Ragnar Ólason frá Eflingu stéttarfélagi.

Til vara voru kjörnir fimm: Guðrún Elín Pálsdóttir frá Verkalyðsfélagi Suðurlands er fyrsti varamaður, Þórarinn Sverrisson frá Öldunni stéttarfélagi er annar varamaður, þriðji varamaður er Guðný Óskarsdóttir Drífanda stéttarfélagi, fjórði varamaður er Hrunn Karlsdóttir Vlsfél. Bolungarvíkur og fimmti varamaður er Hörður Guðbrandsson frá Verkalyðsfélagi Grindavíkur. Allar þessar kosningar voru einróma á þinginu.

Ályktanir og afgreiðslur þingsins má finna <http://thing.sgs.is/afgreidd-mal/>

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



Tanni Travel
www.tannitravel.is



Íslandsbanki

Lin
DESIGN



Landsmennt
www.landsmennt.is



Sveitamennt
www.sveitamennt.is



Ríkismennt
www.rikismennt.is

form

ARKITEKTAR HÖNNUÐIR

KAUPANGI v/MÝRARVEG . 600 AKUREYRI . SÍMI 462-6099

sæplast
hf



Grýtubakkahreppur

EFLING
STETTANFÉLAG



Bústólpi

HJARTAD Í ÍSLENSKUM LANDBÚNAÐI



PRENTÞJÓNUSTA
TUNNAN
TÖLVUÞJÓNUSTA
TÖLVUSALA
VIÐGERÐIR
PRENTUN - ÚTGÁFA - PAPPÍR - VERSLUN



AKUREYRARAPÓTEK

Kaupangi v/Mýrarveg | Kt. 690610-1320 | S. 460 9999 | Fax 460 9991

Borgarbió
www.borgarbio.is Akureyri

Deloitte.

www.deloitte.is



HVAMMUR
FASTEIGNA/SKIPASALA



GJÖGUR HF
GRENIVÍK



BRYGGJAN
ELDBAKAÐAR PIZZUR

STRIKIÐ

RESTAURANT & BAR



BÓKHALÐSÞJÓNUSTAN
HRINGUR

Tréverk ehf.
Dalvík

BÍLALEIGA
AKUREYRAR
Haldur

Europcar

Þínar þarfir - okkar þjónusta

NORÐURORKA

VIRÐING - FAGMENNSKA - TRAUST



SAMHERJI HF



EYJAFJARDARSVEIT

AKUREYRI

GALLUP®

TIL AÐ VERA VISS



Útrás
Smiðja

Sími 461 2911 / 896 3280
Frostagata 3 b, 603 Akureyri

SÓLSKÓGAR ehf.



Fjallabyggð

KJARNAFÆÐI

Ljúffengur indverskur matur í miðbæ Akureyrar

Í ár fengum við Sathiya Moorthy, eiganda og yfirkokk á veitingahúsinu Indian Curry House á Akureyri, til að gefa lesendum blaðsins uppskriftir.

Indian Curry House er eins og nafnið gefur til kynna indverskur veitingastaður sem stendur við Ráðhústorg á Akureyri „Árið 2004 opnuðum við fyrsta indverska veitingastaðinn á Akureyri. Fyrst vorum við til húsa í litla turninum í miðbænum og hétum þá Indian Curry Hut. Árið 2017 fluttum við í stærra húsnæði við Ráðhústorg og breyttum við þá nafni staðarins í Indian Curry House,“ segir Sathiya Moorthy.

Sathiya Moorthy og konan hans hún Jothimani eru bæði frá Madras á Suður-Indlandi en komu hingað til lands árið 1997. Moorthy er menntaður kokkur og vann fyrst á austurlenskum veitingastað í Reykjavík. Árið 2004 flutti hann svo til Akureyrar með fjölskyldu sinni og stofnaði árið 2007 Indian Curry Hut við miklar vinsældir bæði heimamanna og aðkomumanna.

Indian Curry House er skemmtilegur veitingastaður með frábærri þjónustu í litríkum sal en einnig er hægt að hringja og panta til að taka með heim eða í vinnuna.



eða steikt á pönnu. Djúpsteiking tekur u.þ.b 2 mínútur en pönnusteiking u.þ.b. 3 mínútur.

Nan brauð

Deig fyrir 5 til 6 manns

- ½ l mjólk
- 1 kg hveiti
- 1 dl vatn
- 2 tsk lyftiduft
- 1 tsk þurrger
- 3 msk olía
- 3 tsk sykurl
- 1 msk súrmjólk
- Salt

Aðferð

Hellið mjólkinni í stóra skál. Bætið súrmjólk, sykurl, olíu, vatni, lyftidufti, geri og salti saman við og þeytið vel saman áður en hveitinu er bætt við. Hnoðið deigið í 5 mínútur. Setið olíu á deigið og geymið í 20 mínútur. Búið til litlar bollur úr deiginu og fletjið deigkúlurnar út með kókukefli áður en brauðið er djúpsteikt í olíu



Jógurtsósa „Rahita“

- 2 dl ab mjólk
- 1 agúrka skorin í bita
- ½ tsk chilli duft
- 1 tsk cumin
- 1 tsk garam masala
- 2 tsk sykurl
- Salt



Aðferð

Öllu blandað saman í skál og smakkað til með salti. Látið standa í kæli í 20 mínútur áður en sósan er borin fram, en hún á alltaf að vera köld.

Tikka-masala kjúklingur

Partur 1:

- 3 hvítlauksrif
- 15g rífið ferskt engifer
- 1 tsk turmerikduft
- 3 msk sítrónusafi
- 1 dl hrein jógurt
- ½ tsk rautt chiliduft
- 2 tsk kórianderduft
- Handfylli saxað kóriander
- 3 tsk garam masala
- 750 g kjúklinglundir

Blandið öllum þessum hráefnum hér fyrir ofan saman og skerjið kjúklingakjötið í. Setjið allt í skál og inn í kæli í 2 til 3 klukkustundir, best ef hægt að láta þetta biða í kæli yfir nótt.



Partur 2:

- 2 – 3msk ólífuolía
- 1 laukur, saxaður
- 2 hvítlauksrif
- 15g rífið engifer
- ½ tsk rautt chiliduft
- 1 tsk turmerikduft
- 2 msk kórianderduft
- 1 tsk cuminduft
- 2 msk tómatpúrur
- 100 g hakkaðir tómatar
- 3 msk rjómi
- 3 msk mjólk
- 40g maukaðar kasjúhnetur eða kasjúhnetuduft
- 2 dropar rauður matarlitur ef vantar
- Salt

Hitið olíu á pönnu og steikið hvítlaukinn þar til hann er ljósbrúnn, bætið þá engiferinu í og hrærið í 1 mínútu. Bætið sóxuðum lauk við. Þegar laukurinn er ljósbrúnn bætið þá kryddunum út á pönnuna og hrærið. Því næst á að setja saman við þetta hakkaða tómat, tómatpúrur, rjóma og mjólk. Leyfið sósunni að malla í nokkrar mínútur og steikið kjúklinginn á meðan. Setjið kjúklinginn út í pottinn og leyfið sósunni að malla í 10 mínútur og bætið kasjúnetumaukinu við. Hrærið í 5 mínútur og setjið 2 dropa matarlit í ef vantar. Saltið eftir smekk. Berið fram með naan brauði með hvítlauk og hrísgrjónum.

Íbúð á Spáni í boði sumarið 2020

Síðustu tvö sumur hefur félagið boðið upp á orlofskost á Spáni fyrir félagsmenn og voru viðtökurnar það góðar að ákveðið var að bjóða upp á þessa íbúð enn á ný næsta sumar. Um er að ræða efri sérhæð í nýjum íbúðarkjarna í Lomas de Cabo Roig hverfinu sem er í um 30 mín. fjarlægð frá Alicante, á svæði sem heitir Casa Tarife. Í boði verða níu leigur, tvær vikur í senn, og verða skiptidagar á þriðjudögum. Verð fyrir tvær vikur verður kr. 105.000, en nú er innifalið í því þrifagjald sem áður var borgað á staðnum. Leiga hefst 26. maí og mun standa til 29. september.

ATHUGIÐ! Umsókn þarf að skila til félagsins fyrir 1. febrúar 2020, rafrænt í gegnum félagavefinn sem finna má á www.ein.is. Úthlutun verður lokið nokkrum dögum síðar. Hægt er að skrá sig inn á félagavefinn með rafrænum skilríkjum eða veflykli. Ef þú hefur ekki virkjað rafræn skilríki eða fengið veflykil frá félaginu þá þarftu að sækja um aðgang að félagavefnum og fá sendan veflykil heim.

Íbúðin er mjög vel búin, gólfhiti er í húsinu og loftkæling í báðum herbergjum og stofu. Rúmgóð verönd er fyrir framan húsið og þaðan er gengið upp í íbúðina sjálfa sem er öll á einni hæð. Svalir eru út frá stofu og eldhúsi og þaðan er síðan gengið uppá stórar einka þaksvalir sem eru yfir öllu húsinu, þar eru sólbekkir, útihúsgögn, gasgrill, kolagrill, markísa og æðislegt útsýni. Fallegur sundlaugargarður er inná milli húsanna og



hverfið er mjög rólegt og gott. Matvöruverslunin ALDI og veitingastaðir eru í göngufæri og stutt að skreppa á ströndina, á fimmtudagsmarkaðinn, í La Zenia mallið og niður á göngugötuna í Cabo Roig.

ATH! Gott getur verið að vera með bíla-leigubíl á þessu svæði.

Nánari upplýsingar um íbúðina og svæðið og fleiri myndir má finna á vef félagsins, www.ein.is



*Óskum starfsfólki
og viðskiptavinum
gleðilegrar jólahátíðar
og þökkum samfylgdina
á árinu sem er að líða*



Eitt kort
34 vötn
7.900 kr

VEIÐIKORTIÐ
2020

www.veidikortid.is

Frábær jólagjöf!
Kynnið ykkur sértíllboð til
félagsmanna á skrifstofu

Óskum starfsfólki okkar
og viðskiptavinum
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári

FERÐASK
AKUREYFI

Strandgata 3 - 600 Akureyri

Miscellaneous information

Why have Trade unions?

The role of trade unions is first and foremost to conduct negotiations on wages and other work related conditions in the agreements on behalf of their members and to look after their interests on the labour market.

MAKE SURE THAT YOUR RIGHTS ARE IN ORDER

PLEASE NOTE! It is always possible to consult the local union representative in your workplace and you are of course welcome to contact Eining-löja, tel. 460 3600, if you need assistance. www.ein.is

December bonuses

Eining-löja reminds its members that, according to their employment contracts, they are entitled to a December bonus. The amount varies, depending on contract specifications and the period defined as full-time employment. The bonus is to be paid as a single sum and is without the addition of a holiday bonus. According to the wage contract concluded with the Municipal Wages and Salaries Commission, the December bonus is kr. 113,000*.

According to Eining-löja contracts with the State, the December bonus is kr. 89,000*.

According to Eining-löja contracts on the general labour market, the bonus is kr. 92,000.

*No agreement has yet been reached with the state or the municipalities and the same amounts apply as last year. When a deal has been negotiated, compensation must be paid based on what is agreed upon. The correct amounts will be entered on www.ein.is as soon as contracts are reached.

State employees are to receive their December bonuses on 1 December, employees on the general labour market on 15 December and municipal employees are to be paid their bonuses in December, in accordance with the appropriate wage and salary contracts.

Winter rental of holiday chalets

Although summer is the traditional vacation season, many also take a holiday during other parts of the year and a large number of people choose to postpone part of their summer vacation until autumn or winter. This is a good time to remind members of Eining-löja that they have six good holiday options outside the conventional vacationing season. These options are

staying in holiday chalets at Illugastaðir in Fnjóskadalur valley, Tjarnargerði in the district of Eyjafjarðarsveit, Svignaskarð in Borgarfirði and Einarstaðir Fljótshálsa as well as making use of the union's holiday apartments in Reykjavík/Kópavogur. The autumn and winter rents cover the period from 1 September to 1 June.

Employment contracts

Employment contracts stipulate that all staff members receive written confirmation of their terms of employment, including period of employment and the specific contract on which pay rates and terms of employment are based. A written employment contract is compulsory after one month of work. It gives the employee considerable security to be in possession of a written confirmation of employment. In case of a dispute, an employment contract may make all the difference.

Health fund

The right to get payments from the union's health fund is based on the payments to the Union. For example is it possible to get payments for the care of children with long term illnesses or disabilities. You can get payments because of a severe illness of your spouse, because of medical massage or physiotherapy, cancer prevention, membership in a gym, hearing devices, glasses and so on. The highest amount to be paid for the funeral of a 100% paying and valid member is about kr. 370,000.

The payments for the membership in a gym are about 35% of the bill, highest kr. 23,000 every calendar year. The payments for eyeglass lenses are also about 35% of the bill, highest kr. 50,000 every three years. Payments for buying hearing devices are also 35% of the bill, highest kr. 60,000 every three years.

Please remind!

Meetings of the administrative council of the health fund Eining-löja is held once a month. Cases which have to be decided about in the meeting have to be brought to the office at last every 27th of each month. Requests for all pay-

ments of the health fund are decided in the board meeting for example daily benefits, payments for physiotherapy, massage, cancer prevention and every other help paid by the rules of the fund.

Study grants!

In winter, schools in Iceland often offer numerous courses of varying length for Eining-löja union members. The possibilities of study are almost unlimited and Eining-löja urges its members who are planning to take courses this winter to obtain information regarding their right to individual grants by means of the education funds Landsmennt (landsmennt.is), Sveitamennt (sveitamennt.is) and Ríkismennt (rikismennt.is).

A union member in full time employment is entitled to a grant totalling kr. 100,000 per year although it should be kept in mind that the grant covers a maximum of 75% of the total cost of each course. State employees are entitled to a 90% refund of total cost when engaged in studies that have direct professional relevance to their work. Union members can also apply for grants relating to courses undertaken in their free time or as hobbies. Such courses are supported to the tune of 75% of total cost as long as the amount does not exceed kr. 30,000. Please note that free time/hobby grants are deducted from the total individual grant.

Members who have not used their right of fund for the last three years, are entitled to a grant of up to 300,000 for one continuous study/course compared to the Fund's policies. Travel costs for the study can most become 100,000 as part of the training/course cost in this case.

Grants for Icelandic language study

Members who have a different native language can apply for a refund of up to 75% (Landsmennt) or up to 90% (Ríkismennt and Sveitamennt) for the cost of an Icelandic language course, providing they have been members for at least 1 month.

The Eining-löja home page www.ein.is presents leaflets from Landsmennt which have been translated into English, Spanish, Thai and Polish. Also leaflet in English from Ríkismennt.



Vetrarleiga orlofshúsa

Í boði er fyrir félagsmenn Einingar-löju fimm kostir í vetrarleiga orlofshúsa. Hér er um að ræða dvöl í orlofshúsum á Illugastöðum í Fnjóskadal, Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit, Einarstöðum á Héraði og Svignaskarði í Borgarfirði. Einnig í orlofsíbúðum félagsins á Höfuðborgarsvæðinu. Vetrarleigan hófst 1. september sl. og stendur til 1. júní nk.

Hafið eftirfarandi í huga:

- Auðveldast er að panta á Félagavefnum, en auðvitað er hægt að hringja í skrifstofur félagsins og panta hús eða bústað.
- Þegar opnað er fyrir vetrarleigu á Félagavefnum er hægt að panta íbúðir og hús alveg fram að sumarleigu. Allur veturinn er undir.
- Ekki þarf að sækja sérstaklega um jól eða páska.
- Punktur eru ekki dregnir af vetrarleigu.

Verðskrá veturinn 2019-2020



Illugastaðir

Vikuleiga er kr. 29.000 og helgarleiga kr. 17.000. Helgarleiga er allt að þrjár nætur.

Heitur pottur er við hvert hús. Nettenging er á svæðinu.

Lyklar að húsum á Illugastöðum eru afhentir í þjónustumiðstöð svæðisins.

Vert er að benda á að á Illugastöðum á Eining-löju eitt sérútbúið hús fyrir fatlaða, hús nr. 26.

Tjarnargerði

Vikuleiga er kr. 34.000 og helgarleiga kr. 20.000. Helgarleiga er allt að þrjár nætur.

Heitur pottur er við húsið. Nettenging er á staðnum.

Lyklar að Tjarnargerði eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.



Einarstaðir

Vikuleiga er kr. 29.000 og helgarleiga kr. 17.000. Helgarleiga er allt að þrjár nætur.

Heitur pottur er við húsið.

Lyklar eru afhentir í þjónustumiðstöð svæðisins.

ATH! Hús félagsins á Einarstöðum verða ekki leigð út veturinn 2019-2020 vegna viðhalds. Þeir sem áhuga hafa á að leigja hús á svæðinu í vetur er bent á að hafa samband við staðarhaldara í síma 861 8310, en hann sér um að leigja út hús þar í vetur.

Svignaskarð

Vikuleiga er kr. 29.000 og helgarleiga kr. 17.000. Helgarleiga er allt að þrjár nætur.



Heitur pottur er við húsið.

Lyklar eru afhentir í þjónustumiðstöð svæðisins.

Höfuðborgarsvæðið

Eining-löja hefur til umræða nokkrar íbúðir í Reykjavík og í Kópavogi, en sjúkrasjóður félagsins hefur þrjár af þeim til ráðstöfunar. Íbúðirnar leigjast í viku í senn, fyrir utan sjúkraíbúðir sem leigjast eftir þörfum. Vikuleiga er kr. 33.000.

Nettenging er í íbúðunum.

Lyklar að íbúðunum eru afhentir á skrifstofum félagsins.




Þrif innifalin

Umsjónaraðili með íbúðum félagsins á Höfuðborgarsvæðinu sér um að þrifa íbúðina eftir leigutíma. Auðvitað þarf að skila henni full frágenginni og snyrtilegri.

Nánari upplýsingar um vetrarleigu eru gefnar á skrifstofu Einingar-löju, Skipagötu 14 á Akureyri. Síminn er 460 3600 og netfangið ein@ein.is

Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt komandi ár



Utanlandsferð félagsins sumarið 2019

Það var fjölmennur hópur Einingar-Iðju félaga sem lagði af stað í rútu frá Skipagötu 14, föstudaginn 9. ágúst 2019 til Keflavíkur. Einhverjir fóru á einkabílum og sameinaðist hópurinn í Keflavík um kvöldið. Daginn eftir var förinni heitið til Þýskalands, nánar tiltekið München.

Laugardagur 10. ágúst

Eftir þægilegt flug var lent í München þar sem Harpa Hallgrímsdóttir leiðsögumaður og eiginmaður hennar, Kristinn Ólafsson, tóku á móti hópnum. Létt var yfir fólki enda tók München á móti okkur með fallegu hlýju veðri, en hitinn átti eftir að aukast þegar liða fór á ferðina. Zell am See í Austurríki var næsti áfangastaður, fallegur bær í 750 metra hæð yfir sjávarmáli. Staðurinn er vinsæll ferðamannastaður á veturna, en þó æði gaman að koma þangað að sumri til. Zellervatnið skartaði sínu fegursta, hvort sem fólk nýtti sér gönguleiðir eða hjólaði meðfram vatninu.

Sunnudagur 11. ágúst

Næsti áfangastaður var Opatija í Norður-Króaíu, en Opatija er litill strandbær við Kvarnerflóa. Fallegar gönguleiðir eru við strandlengjuna, en þar sem hitinn hafði enn hækkað kældu sumir sig með því að skella sér í sjóinn. Aðrir nýttu sér hina fjölmörgu veitingastaði til að kæla sig niður eftir góða göngu um þennan fallega strandbæ.

Mánudagur 12. ágúst

Eftirvænting var í hópnum þegar haldið var af stað til Biograd na Moru á Dalmatíuströndinni



Einn af fjölmörgum fossum í Þjóðgarðinum í Krka.

við Adríahafið, þar sem dvelja átti í fimm nætur. Bærinn tók vel á móti okkur og staðsetning hótelsins var mjög góð, aðeins nokkra metra frá ströndinni. Margir hugsuðu sér gott til glóðarinnar og voru ekki lengi að finna sér bekk á ströndinni og gleypa í sig sólina.

Þriðjudagur 13. ágúst

Upp rann virkilega góður dagur til að slaka á og röltu um þessa fornu höfuðborg króatíska konungsveldisins á miðöldum. Sumir kíktu í búðir og gerðu reifarakaup, aðrir tóku sundsprett í Adríahafinu og sleiktu sólina.

Miðvikudagur 14. ágúst

Næst stærsta borg Króaíu, Split, var áfangastaður dagsins en auk þess var farið til Trogir, sem er gömul hafnarborg. Split tók á móti okkur með glaða sólskini og hlýju veðri. Hópurinn stoppaði í Split í stutta stund áður en farið

var með ferju til Trogir. Þar sýndi fararstjórinn Björn Snæbjörnsson ásamt Hörpu leiðsögumanni mikla útsjónarsemi með því að fara strax að landgangi ferjunnar til að tryggja hópnum sæti í ferjunni. Það var margt um manninn við landganginn, en þar sem Björn og Harpa voru búin að tryggja okkur far með ferjunni þá komust allir um borð. Kallað var um borð með hinu eina sanna íslenska „HÚ“ við mikla undrun annarra farþega. Siglingin til Trogir tók skamma stund og það var virkilega gaman að skoða þessa borg sem er á heimsminjaskrá UNESCO.

Fimmtudagur 15. ágúst

Eftir góðan morgunverð á hótelinu í Biograd na Moru var haldið stað til borgarinnar Zadar. Enn og aftur var veðrið upp á sitt allra besta og var tilvalið að ganga eftir strandlengjunni og drekka í sig menningu og byggingar þessarar fallegu borgar. Byggingar í borginni eru margar



Við Bledvatnið. Eyjan nær og kastalinn fjar.



Frá Opatija.

hverjar í rómverskum og feneyskum stíl. Hluti hópsins nýtti sér þær mörgu góðu verslanir sem Zadar býður upp á, en auðvelt var að svala þorstanum á mjög svo góðum veitingastöðum og börum sem voru svo að segja við hvert fótmál.

Föstudagur 16. ágúst

Nú var dagurinn tekinn snemma, á dagskránni var ferð í Þjóðgarðinn í Krka. Ekki er hægt að segja annað en þessi gimsteinn Dalmatíuhéraðs hafi staðið undir því nafni. Náttúrufergurð svæðisins er einstök, vatnasvæðið og fossar við hvert fótmál sem tengjast ánni Krka. Að ganga gegnum Þjóðgarðinn eftir þar til gerðum göngustígum var upplifun fyrir sig og ekki skemmdir hinn fjölbreytilegi gróður fyrir, en talið er að í Þjóðgarðinum megi finna allt að 800 gróðurtegundir.

Laugardagur 17. ágúst

Við kvöddum Biograd na Moru og héldum til Bled í Slóveníu. Það var alveg magnað hve vel gekk hjá hópnum að fara milli landa, lítið um tafir á landamærum. Það breyttist þó aðeins þegar við nálguðumst landamæri Króatíu og Slóveníu, þar sem allt var í hægagangi, góð bíla- og rútulest liðaðist hægt áfram, það var hreinlega eins og landamæraverðir Króatíu vildu ekki að fólk færi úr landi. Eftir þriggja klukkustunda bið vorum við Norðlendingarnir komnir fremst í röðina, en þá kom Harpa leiðsögumaður því til skila að við værum frá Íslandi, og við runnum yfir landamærin eins og heitur hnífur gegnum smjör. Eftir þetta gekk allt snuðrulaust fyrir sig, og stefnan tekin á Bled, sem liggur í 500 metra hæð yfir sjávarmáli. Þvílík fegurð blasti við þegar við komum til Bled, en bærinn er perla Slóveníu, og þangað koma jafnt ferðamenn og heimamenn til að njóta fegurðarinnar. Bærinn liggur við Bledvatnið með sínum undurgæna lit og fjallasýnin er einstök þar sem kastali nokkur gnæfir yfir nágrennið.

Sunnudagur 18. ágúst

Við morgunverðarborðið var greinileg eftirvænting í hópnum fyrir að skoða nánasta umhverfi Bledvatnsins. Veðrið lék við hvern sinn fingur og margir fóru út í litlu eyjuna í Bledvatninu þar sem ægifygur kirkja er, en þar er til síðs að hringja kirkjuklukkunni og um leið óska sér einhvers. Róleg gönguferð í kringum Bledvatnið er líka algjörlega ómissandi, en hægt er tylla sér niður og horfa á iðandi mannlífið og svala þorsta sínum. Margir úr hópnum réðust til atlögu við þær 431 tröppu sem þarf að klífa

til að komast upp í kastalann, en þegar upp var komið sveik útsýnið yfir Bled og nærsveitir ekki. Bled er einstakur staður og ekki annað hægt en að mæla með að fólk gefi sér tíma til skoða þennan fallega stað.

Mánudagur 19. ágúst

Við kvöddum Bled í glaða sólskini og stefndum til Munchen. Við vorum komin tímanlega á hótelið í Munchen, en það var í einu úthverfi borgarinnar. Margir hugsuðu sér gott til glóðarinnar að kíkja í verslanir, en því miður var ekki mikið um þær á svæðinu. Í göngufæri frá hótelinu var þó þessi finni súpermarkaður þar sem fólk gat svalað verslunarþörf sinni, en þó aðallega í formi súkkulaðis.

Þriðjudagur 20. ágúst

Þennan heimferðardag var örlítil kærkominn rigningarúði. Brottför frá flugvöllinum í Munchen kl. 14.05, og lent í Keflavík kl. 16.00. Ferðalagið gekk snuðrulaust fyrir sig og okkar beið rútuferð frá Keflavík norður til Akureyrar. Rútuferðin var notuð til að rifja upp það sem á daga okkar hafði drifið í ferðinni. Íslenska landslagið er fagurt og alltaf gott að koma heim, en eftir ferðina sitja í manni minningar um fallegt landslag, fagra fjallasýn og skógi vaxnar hliðar sem vissulega er ólíkt því sem við eigum að venjast á landinu okkar bláa. Því verður þó ekki neitað að hvort tveggja er fallegt á sinn hátt.

Þankar að endingu

Rútuferðirnar voru ófáar þessa daga en þær reyndust hin besta skemmtun þar sem margar sögur og vísur runnu upp úr ferðafélögnum og ekki má gleyma fjöldsöng sem stjórnað var af Möggu Kristínu Björnsdóttur. Óhætt er að segja að okkur nýgræðingunum í ferðinni þótti skipulag ferðarinnar mjög gott. Vert er að þakka leiðsögufólkinu okkar þeim Hörpu Hallgrímsdóttur og Kristni Ólafssyni fyrir góða leiðsögn og hjónunum Sveini Sigurbjarnasyni og Margréti Óskarsdóttur fyrir góða skipulagningu.

Björn Snæbjörnsson hélt vel utan um hópinn svo allt gekk snuðrulaust fyrir sig. Ferðanefndin fær mikið hrós fyrir að skipuleggja góða ferð með ofangreindu fólki. Við hjónin þökkum kærlega fyrir okkur og vonandi auðnast okkur að fara fljótt aftur í ferð með Einingu-löju.

Takk fyrir okkur,

*Auður Þorsteinsdóttir,
Tryggvi Gunnarsson*



Frá Opatija.



Bátarnir við Bledvatnið.



Á leið frá borginni Split til eyjunnar Trogir.



Brottför frá hótelinu í Opatija.

Verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits - verkefnið framlengt til tveggja ára

Í nóvember var ákveðið að framlengja samning um þjónustu vinnustaðafulltrúa fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Norðurland vestra. Verkefnið hófst sem tilraunaverkefni 1. maí 2016 til 18 mánaða en hefur gengið það vel að það var nú framlengt í þriðja sinn. Samningurinn var nú framlengdur til tveggja ára, þ.e. til ársloka 2021 og mun Vilhelm Adolfsson áfram sinna starfi Verkefnastjóra vinnustaðaeftirlits. Frá því hann var ráðinn 1. maí 2016 hefur hann skráð um 3.500 einstaklinga í eftirlitskerfið og heimsótt milli 8 og 900 fyrirtæki.

Vilhelm segir að þó hann sé mikið á ferðinni til að safna upplýsingum þá þurfi einnig að vinna úr þeim og það tekur líka góðan tíma. „Það þarf að kanna hvort menn séu skráðir í þau félög sem þeir segjast vera í, og svo þarf að athuga í hvaða félagi fólk er, ef það veit það ekki sjálf. Eins og venjulega þá reynir maður að fylgja eftir ábendingum sem hafa komið annað hvort frá síðunni „einn réttur ekkert svindl“ eða frá félögum sjálfum. Sumar ábendingarnar eiga ekki við nein rök að styðjast en það þarf samt að athuga málin og vinna úr ábendingun-

um þó að ekkert komi út úr þeim. Málin sem hafa komið upp í þessum eftirlitsferðum eru misjafnlega alvarleg, allt frá því að það hafi verið gerð mannlæg mistök við launaútreikning eða þá að það sé verið að brjóta vísitandi á launþegnum. Flest málin eru leyst með aðkomu þeirra stéttarféлага sem í hlut eiga. Svo hafa komið upp nokkur alvarleg mál sem hefur þurft að vísa til lögreglu, þar á meðal tvö á þessu ári og er annað þeirra í ákærufæri. Lögreglan hefur nokkrum sinnum óskað eftir því að ég fari með þeim á ákveðna vinnustaði til að kanna með einstaklinga og fyrirtæki, þ.e. hvort viðkomandi séu skráðir á réttan hátt.“

Í upphafi stóðu 14 stéttarfélög sem eru starfandi í Eyjafirði og á Norðurlandi vestra að verkefninu, en frá síðasta ári urðu þau einungis 13.



Vilhelm Adolfsson.

Eftirlitið er að skila árangri

Þjörn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, segir að það sé ánægjulegt að þetta samstarf haldi áfram. „Það hefur sannað sig að þetta starf er nauðsynlegt því eftirlitið er að skila árangri og það að svona margir aðilar standi að baki eftirlitsfulltrúans gerir það mun öflugara en ella. Eins og áður hefur komið fram á opinberum vettvangi þá viðgengst því miður ýmis brotastarfsemi á vinnumarkaði, ekki síst gagnvart erlendu launafólki. Það er skylda okkar að sjá til þess að réttur þeirra sé virtur og erum við meðal annars að reyna það með þessu verkefni.“

Eftirfarandi 13 stéttarfélög sem eru starfandi í Eyjafirði og á Norðurlandi vestra standa að verkefninu: Eining-löja, sem ber ábyrgð á verkefnastjóranum, Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, Byggið - Félag byggingamanna, Rafiðnaðarsamband Íslands, Aldan-stéttarfélag, Stéttarfélagið Samstaða, Iðnsveinafélag Skagafjarðar, Verslunarmannafélag Skagafjarðar, Félag leiðsögumanna, VM Félag vélstjóra og málmæknimanna, MATVÍS, matvæla og veitingafélag Íslands, Félag iðn- og tæknigreina og Félag hársnyrtisveina.

Fyrsta dyravarðanámsskeiðið sem SÍMEY kemur að

Í lok nóvember lauk sex kvölda dyravarðanámsskeiði sem SÍMEY og Eining-löja héldu í samstarfi við Lögregluna á Norðurlandi eystra. Tuttugu og þrjú sátu námskeiðið sem var í formi fyrirlestra og verklegra æfinga – samtals fimmtán klukkustundir.

Þetta var í fyrsta skipti sem SÍMEY kemur að skipulagningu og framkvæmd dyravarðanámsskeiðs, en það er ætlað starfandi dyravörðum, þeim sem ætla að starfa við dyravörslu, starfs-

fólki hótela og veitingahúsa sem t.d. vinnur á næturvöktum.

Síðustu áratugi hefur Eining-löja haldið dyravarðanámsskeið í samstarfi við lögregluna en með samningi við Einingu löju nýverið hefur SÍMEY tekið að sér að skipuleggja og halda utan um þessi námskeið og höfðu Ingunn Helga Bjarnadóttir og Kjartan Sigurðsson verkefnastjórar umsjón með þeim fyrir hönd SÍMEY.

Dyravarðanámsskeið er forsenda starfsleyfis sem dyraverðir fá útgefið af hendi lögreglu-

embættanna í landinu. Á námskeiðinu er farið í fjölmarga hluti sem er dyravörðum nauðsynlegt að kunna skil á og koma þeim að gagni í starfi.

Sem fyrr segir var námskeiðið bæði í formi fyrirlestra og verklegra æfinga. Fyrirlesarar komu frá tryggingarfélagi, Lögreglunni á Norðurlandi eystra, Slökkviliði Akureyrar og Einingu-löju og fjölluðu þeir um tryggingar í starfi, áfengislög, reglugerð og leyfi vegna áfengisveitinga, fíkniefni, skoðun skilríkja og samskipti dyravörða og lögreglu, brunavarnir, reglugerð um löggæslu á skemmtunum, borgaralega handtöku og réttindi og skyldur. Þá annaðist Rauði krossinn á Akureyri kennslu í slyshjálpi og í júðósalnum í KA-heimilinu var farið yfir sjálfsvörn og handtökur.

Framvegis mun SÍMEY hafa yfirumsjón með dyravarðanámsskeiðunum á þessu svæði. Tímasetning næsta námskeiðs hefur ekki verið ákveðin en mögulega verður það á vorönn, ef þess gerist þörf, en að öðrum kosti verður það haldið haustið 2020.



Nýútskrifaðir dyraverðir.

Nauðungarvinna og þrælahald aldrei liðið á íslenskum vinnumarkaði

Héraðsdómur Reykjavíkur felldi í byrjun desember dóm í máli sem þrotabú fyrirtækisins Menn í vinnu höfðaði vegna ummæla starfsmanns í Vinnustaðaeftirliti ASÍ, í fréttum Stöðvar 2 snemma á þessu ári.

Eins og alkunna er þurfti ASÍ ítrekað að hafa afskipti af fyrirtækinu áður en það varð gjaldþrota. Það var vegna slæms aðbúnaðar starfsfólks og brota á kjörum þess. Frá því fyrirtækið hóf störf hafði Vinnuálastofnun það einnig til rannsóknar og var í samstarfi við bæði Vinnueftirlit ríkisins og Ríkisskattstjóra.

Í frétt Stöðvar 2 þann 7. febrúar 2019 var opinberaður grunur um að erlendir starfsmenn fyrirtækisins hafi verið í nauðungarvinnu hjá fyrirtækinu. Þeir séu bæði svangir, peningalausir og hræddir auk þess að búa við óásættanlegar og heilsuspillandi aðstæður á vegum fyrirtækisins. Samkvæmt dómi Héraðsdóms var stafsmanni ASÍ heimilt í þessu viðtali að vísa til þessara aðstæðna og felst í því fullnaðar viðurkenning á réttmæti þeirra ummæla. Hins vegar voru dæmd dauð og ómerk

um mæli starfsmannsins um innlagnir á og úttektir af bankareikningum starfsmanna og að framkvæmdastjóri fyrirtækisins virtist hafa aðgang að bankareikningum stafsmanna sinna. Þótti dómara skorta gögn til að styðja við þess-



Alþýðusamband Íslands

ar fullyrðingar þrátt fyrir að starfsmenn hafi í frétt Stöðvar 2 sýnt viðstöddum gögn þessu til stuðnings. Heildarniðurstaða dómsins er því umdeilanleg þó ekki sé meira sagt. Þegar blaðið fór í prentun var ekki búið að taka ákvörðun hvort dómnum verði áfrýjað.

Félagar í ASÍ mega vera afskaplega stoltir af eftirlitsfólki hreyfingarinnar

Starfsfólk ASÍ mun hér eftir sem hingað til standa með félagsmönnum sínum og enduröma veruleika þeirra á vinnumarkaði. Til stendur að efla vinnustaðaeftirlit verkalýðshreyfingarinnar enn frekar á næstu mánuðum.

„Félagar í ASÍ mega vera afskaplega stoltir af eftirlitsfólki hreyfingarinnar sem sinna erfiðum störfum í baráttunni fyrir betri vinnumarkaði. Starfsmenn í vinnustaðaeftirliti ASÍ hafa unnið þrekvirki við að gæta hagsmuna vinnandi fólks og nýtur órofa stuðnings og fulls trausts í sínum störfum. Alþýðu-

sambandið leitar stöðugt leiða til að efla eftirlit enda er full ástæða til að hafa sérstakar áhyggjur af fólki af erlendum uppruna sem kemur í gegnum starfsmannaleigur á íslenskan vinnumarkað, nauðungarvinna og þrælahald verður aldrei liðið á íslenskum vinnumarkaði“ segir Drífa Snædal forseti ASÍ.

Þrjár sjúkraibúðir í Reykjavík



Nýja íbúðin var öll tekin í gegn, m.a. var baðherbergi endurnýjað með tilliti til fatlaðra, skipt var um eldhúsinnréttingu og gólfefni, íbúðin máluð o.fl.

Félagið á nú þrjár sjúkraibúðir í Reykjavík, tvær eru í Sóltúni og ein í Ásholti. Íbúðirnar eru ætlaðar til leigu fyrir félagsmenn sem þurfa að dvelja í höfuðborginni á meðan þeir leita sér lækninga. Þær eru búnar öllum helsta húsbúnaði og eru leigðar eftir því sem félagsmönnum hentar, það er fólk er ekki bundið við að leigja í eina viku í senn eins og í orlofsíbúðum félagsins heldur er hægt að leigja í tiltekinn dagafjölda.

Fyrir á árinu var gengið frá kaupum á nýrri sjúkraibúð í Reykjavík og var hún tekin í notkun í haust. Nýja íbúðin er þriggja herbergja, 85 fermetrar að stærð, á 2. hæð í Sóltúni 30, en í húsinu á félagið fyrir eina sjúkraibúð á 3. hæð.

Nýja íbúðin var öll tekin í gegn, m.a. var baðherbergi endurnýjað með tilliti til fatlaðra, skipt var um eldhúsinnréttingu og gólfefni, íbúðin máluð o.fl.

Mjög mikil ásókn er í íbúðir félagsins í Reykjavík. Það á jafnt við um sjúkraibúðirnar þrjár sem og orlofsíbúðir félagsins sem nú eru sex talsins.

Różne informacje

Rola związków zawodowyc

Rolą związków jest przede wszystkim negocjowanie w imieniu swoich członków umów zbiorowych w których określone są zasady wynagrodzeń i warunków pracy, a także czuwanie nad ich interesami na rynku pracy.

Dodatek grudniowy (swiateczny) 2019 (Desemberuppbót)

Związek zawodowy "Eining-Iðja" pragnie przypomnieć swoim członkom, że zgodnie z umowami o pracę mają oni prawo do wypłaty specjalnego dodatku wypłacanego wraz z pensją grudniową.

Wysokość specjalnego dodatku do pensji grudniowej zależy od:

- a) zapisów szczegółowych w umowach zbiorowych
- b) stażu pracy
- c) wymiaru godzin w jakich pracownik jest zatrudniony (tzn. np. 100% etatu, 50% etatu, 75% etatu itd.)

Wyżej wymieniony dodatek ma być wypłacony jednorazowo w całości, ale nie jest do niego doliczany dodatek urlopowy (orlof) tak jak do innych wynagrodzeń za pracę.

W momencie pisania tego tekstu nie było to jeszcze negocjowane z państwem ani gminami, a zatem obowiązują takie same kwoty jak w ubiegłym roku. Gdy państwo jest negocjowane, a gminy muszą wypłacić rekompensatę na podstawie uzgodnionych warunków. Prawidłowe kwoty zostaną wprowadzone na stronie www.ein.is, gdy tylko zostaną zawarte umowy.

- Rynek ogólny - kr. 92000
- Państwo - opiera się na kr. 89 000 kr. ponieważ tegoroczna kwota nie została ustalona, ponieważ negocjacje wciąż trwają.
- Gminy - opierają się na kwocie z zeszłego roku kr. 113 000 od tegorocznej kwoty nie zostało ustalone, ponieważ negocjacje wciąż trwają.

Pracownikom państwowym specjalny dodatek grudniowy ma być wypłacony 1 grudnia. Pracownikom zatrudnionym na powszechnym rynku pracy powyższy dodatek ma być wypłacony nie później niż do 15 grudnia. Wszystkim pozostałym, włącznie z pracownikami pracującymi dla zarządów lokalnych powyższy dodatek ma być wypłacony w grudniu zgodnie z obowiązującymi ich przepisami wynikającymi z umów o pracę w danym sektorze zatrudnienia.

Fundusz chorobowy

Prawo do wypłat z funduszu chorobowego zależy od płacenia składek związkowych. Wypłaty mogą dotyczyć m.in.: przewlekłych chorób dzieci, lub dzieci poważnie upośledzonych, poważnej choroby współmałżonka, wizyt u masażysty i fizykoterapeuty zaleconych przez lekarza, profilaktycznych badań antyrakowych, dopłat do karnetów na siłownię, kupna

aparatu słuchowego i szkielek do okularów oraz wielu innych. Zasiłek pogrzebowy pełnoprawnego członka związku opłacającego składki wynosi 370.000 kr. Dopłata do karnetu na siłownię wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż 23.000 koron w każdym roku kalendarzowym. Dopłata przy kupnie szkielek do okularów wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż 50.000 koron co 3 lata.

Dopłata przy kupnie aparatu słuchowego wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż 60.000 koron co 3 lata.

Proszę zwrócić uwagę!

Zebrań zarządu funduszu chorobowego związku Eining-Iðja odbywa się raz w miesiącu. Dokumenty, które mają być przedstawione na zebraniu muszą być dostarczone nie później niż 27 dnia danego miesiąca. Podania o wszelkiego rodzaju dofinansowania z funduszu chorobowego, zgodnie z regulaminem funduszu są rozpatrywane na wyżej wymienionym zebraniu (dot. podać o zasiłki chorobowe, refundacje kosztów fizykoterapii, masaży, profilaktycznych badań antyrakowych oraz wszelkich innych wymienionych wcześniej).

Pamiętajcie o dofinansowaniu na naukę!

Eining-Iðja zachęca swoich członków zamierzających uczęszczać na kursy dokształcające, aby sprawdzili swoje prawa do dofinansowania w funduszach naukowych, których członkiem jest związek:

Landsmennt (www.landsmennt.is) - Krajowy Ośrodek Dookształcania, Sveitamennt (www.sveitamennt.is) - Regionalny Ośrodek Dookształcania i Ríkismennt (www.rikismennt.is) - Rządowy Ośrodek Dookształcania.

Landsmennt jest funduszem na dookształcanie się stworzony przez związki zawodowe i pracowników fizycznych na terenie całego kraju. Członkami (21) są związki zawodowe należące do Federacji Związków Zawodowych. Ríkismennt to fundusz badawczy pracowników rządowych na terenie całego kraju zrzeszonych w SGS (Starfsgreinasambands Íslands). Sveitamennt jest funduszem pracowników administracji regionalnej na terenie całego kraju zrzeszonych w SGS.

Członkowie pracujący na pełnym etacie mają możliwość jednorazowego dofinansowania w wysokości 100.000 przez Landsmennt, przez Ríkismennt i Sveitamennt. Landsmennt, Sveitamennt i Ríkismennt pokrywa do 75% kosztów kursu. Członkowie mogą również ubiegać się o dodatki na kursy hobbistyczne i rekreacyjne. Dofinansowanie do 75% całkowitego kosztu, nie przekraczające 30.000.

Kursy języka islandzkiego

Członkowie związków, których językiem ojczystym nie jest język islandzki mogą ubiegać się o dofinansowanie kursu języka islandzkiego w 75%, po miesiącu członkostwa w związkach. Ci którzy należą do Ríkismennt lub Sveitamennt mogą starać się o

90% dofinansowanie 150-godzinne kursu języka islandzkiego po 3 miesiącach członkostwa.

Wynajmowanie domków wypoczynkowych w okresie zimowym

Członkom związku zawodowego "Eining-Iðja" oferuje się możliwość wynajęcia domków wypoczynkowych w okresie pozaurolopowym; tzn. poza okresem letnim oraz jesiennym czyli między 15 września a 1 czerwca każdego roku.

Do wyboru są domki wypoczynkowe w:

- 1) Illugastaðir w Fnjóskadal
- 2) Tjarnagerði w Eyjafjarðarsveit
- 3) Svignaskarð w Borgarfjörður
- 4) Einarstaðir w Fljótsdalshérað
- 5) a także mieszkanie pozostające w dyspozycji naszego związku w Hofuðborgarsvæðið (Reykjavík, Kópavogur).

Umowa o pracę

Przepisy prawne umów zbiorowych przewidują, że wszyscy pracownicy mają otrzymać pisemne potwierdzenie warunków zatrudnienia.

W umowie powinien być wyszczególniony okres zatrudnienia oraz rodzaj umowy zbiorowej, według której określa się wynagrodzenie oraz warunki na jakich pracownik jest zatrudniony. Obowiązkiem jest sformułowanie/przygotowanie umowy o pracę po pierwszym miesiącu pracy.

Posiadanie pisemnego potwierdzenia zatrudnienia/umowy o pracę jest bardzo ważnym a często decydującym elementem stanowiącym zarówno o poczuciu bezpieczeństwa pracownika jak i jego racjach jeśli doszłoby do jakichkolwiek

nieporozumień z pracodawcą. Pisemna umowa o pracę ma w takich sytuacjach decydujące i rozstrzygające znaczenie.

W biurze związku Eining-Iðja można uzyskać szczegółowe informacje o tym jak powinna być sporządzona umowa o pracę, a także można otrzymać gotowe kwestionariusze służące do zawierania umów o pracę.

Okres wypowiedzenia

- Prawo do wypowiedzenia dotyczy obojga stron.
- Wypowiedzenie musi być pisemne.
- Czas od którego liczony jest okres wypowiedzenia powinien przypadać na przełom miesiąca.

Przez pierwsze dwa tygodnie pracy nie obowiązuje żaden okres wypowiedzenia.

Po dwóch tygodniach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy obowiązuje 12- dniowy okres wypowiedzenia, licząc dni kalendarzowe.

Po 3 miesiącach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy – obowiązuje okres 1 miesiąca

wypowiedzenia, liczony od przełomu miesiąca.

Po 3 latach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy - obowiązuje 3 miesiące wypowiedzenia, licząc od przełomu miesiąca.

Uwaga, uwaga!

Proszę pamiętać, że zawsze można zwrócić się do męża zaufania w zakładzie pracy, a także bezpośrednio do naszego związku "Eining-Iðja" numer telefonu 460 3600, jeśli zaistnieje taka konieczność.

Trúnaðarmannanámskeið á vorönn

Vert er að benda trúnaðarmönnum á að búið er að raða niður trúnaðarmannanámskeiðum fyrir vorönn. Félagsmálaskóli alþýðu sér um námskeiðin, en hann er starfræktur af Alþýðusambandi Íslands og BSRB. MFA, Menningar- og fræðslusamband alþýðu, fer með rekstur og málefni skólans. Hlutverk hans er að auka þekkingu talsmanna stéttarfélagi og efla þá í starfi til þess að þeir séu betur í stakk búnir að vinna að bættum lífskjörum launafólks.

Er nær dregur námskeiðum verða send bréf á þá trúnaðarmenn sem geta skrá sig á viðkomandi námskeið. Námskeiðin fara fram í sal Einingar-Iðju, Skipagötu 14 á Akureyri.

	Vorönn
Hluti 1	22. til 24. janúar 2020
Hluti 2	26. til 28. febrúar 2020
Hluti 3	18. til 20. mars 2020
Hluti 4	15. til 17. apríl 2020

Trúnaðarmenn Einingar-Iðju eru mikilvægir hlekkir í starfi félagsins. Samkvæmt samningum á að vera trúnaðarmaður á öllum vinnustöðum sem hafa 5 eða fleiri félagsmenn. Þar sem starfa fleiri en 50 eiga að vera 2 trúnaðarmenn.



Við kosningu öðlast trúnaðarmaður um leið sérstaka lagalega vernd í starfi sínu, fær umboð félagsins til að fara með mál annarra og verður fulltrúi þess á vinnustaðnum. Meginhlutverk trúnaðarmanna er að gæta þess að lög og samningar séu haldnir á vinnustaðnum og vera tengiliður starfsmanna við stéttarfélagið.

Trúnaðarmenn eiga samningsbundinn rétt til að sækja námskeið án launaskerðingar en þurfa að sjálfsgöðu að sækja námskeiðin í samráði við yfirmann sinn.

Ef það er ekki trúnaðarmaður á þínum vinnustað hafðu þú samband við skrifstofu Einingar-Iðju og við setjum upp vinnustaðfund til að kjósa trúnaðarmann.

Ný rannsóknarstofnun í vinnumarkaðsfræðum

Um miðjan október var kynnt að Alþýðusamband Íslands og BSRB hefðu ákveðið að setja á fót rannsóknarstofnun í vinnumarkaðsfræðum til að efla rannsóknir á sviði vinnumarkaðar, félags- og efnahagsmála. Norræn heildarsamtök á vinnumarkaði starfrækja mörg hver slíkar stofnanir og er því sérstakt ánægjuefni að íslenska verkalyðshreyfingin stigi nú þetta stóra skref, en ekki eru fordæmi fyrir því hér á landi að samtök launafólks standi að stofnun rannsóknarseturs á borð við þetta.

Tilgangurinn er að bæta þekkingu á lífsskilyrðum launafólks og brúa bilið milli fræðasamfélagsins og verkalyðshreyfingarinnar. Stofnuninni er ætlað að dýpka umræðuna um kaup og kjör og koma þannig með aukid fódur inn í baráttu launafólks fyrir bættri afkomu og betri lífsskilyrðum. Hún verður þverfagleg og sjálfstæð í sínum störfum. Til að skapa rannsóknarstofnuninni rekstrargrundvöll tryggja ASÍ og BSRB sameiginlega fjármagn og aðstöðu undir reksturinn. Vonir standa til þess að stofnunin hefji starfsemi sem fyrst.

„Það er von mín að með nýrri rannsóknarstofnun fáum við betri upplýsingar um stöðu vinnandi fólks og hvernig bæta megi hag almennings. Það skiptir miklu máli að búa til og

miðla þekkingu á okkar eigin forsendum,“ sagði Drífa Snædal, forseti ASÍ, þegar verkefnið var kynnt.

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB sagði við tilefnið að „Félagar okkar á hinum Norðurlöndunum hafa byggt upp sambærilegar rannsóknarstofnanir með góðum árangri sem hefur stuðlað að bættri þekkingu á vinnumarkaðsmálum. Því er fagnaðarefni að þetta verði loks að veruleika hér á landi. Það er brynt að efla rannsóknir á sviði vinnumarkaðsmála og hér leggjum við grunninn að mikilvægri stofnun.“

Hlutverk og markmið rannsóknarstofnunarinnar er einkum:

- Að efla fræðilegar rannsóknir og kennslu á sviði vinnumarkaðar, félags- og efnahagsmála.
- Að taka þátt í innlendu og alþjóðlegu samstarfi rannsakernda.
- Að skapa rannsóknaraðstöðu fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn og unga vísindamenn sem sinna verkefnum á vegum stofnunarinnar.
- Að veita nemendum í rannsóknarnámi aðstöðu



Drífa Snædal og Sonja Ýr Þorbergsdóttir.

og búnað til rannsóknarstarfa og veita nemendum þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með því að gefa þeim kost á að vinna rannsóknarstörf á vegum stofnunarinnar eftir því sem unnt er.

- Að veita fræðilega ráðgjöf og upplýsingar.
- Að standa fyrir útgáfu efnis, safna saman og gera aðgengilegar rannsóknir annarra um sama efni.
- Að standa fyrir miðlun þekkingar í gegnum rannsóknir, námskeið, fyrirlestra, ráðstefnur og málstofur.
- Að sinna öðrum verkefnum á sviði vinnumarkaðsfræða samkvæmt ákvörðun stjórnar rannsóknarsetursins.

Frábær Grímseyjarferð

Innanlandsferð félagsins þetta árið var dagsferð sem farin var í lok júní út í Grímsey. Fjölmargir félagsmenn og fjölskyldumeðlimir þeirra sigldu út í Grímey, nutu eyjarinnar í um fjóra tíma og sigldu svo í land á ný.

Farið var með rútu frá Akureyri til Dalvíkur kl. 8:00 þar sem Sæfari fór með hópinn til Grímseyjar. Stoppað var í fjóra tíma og síðan siglt til baka til Dalvíkur þar sem rútan beið og skilar ferðalöngum til Akureyrar á ný.

Þennan dag var lokadagur Sumarsólstöðuhátíðar sem staðið hafði yfir í eyjunni í nokkra daga og því var m.a. markaður á bryggjunni sem sumir úr hópnum nýttu sér. Þá var einnig leiðsögumaður til staðar sem fór með hópinn um eyjuna á strætisvagni. Einnig var gengið um eyjuna og hún könnuð. Þetta var frábært tækifæri fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra að fara og skoða nyrsta hluta Akureyrar og njóta alls þess sem þessi náttúruperla hefur upp á að bjóða.



36. þing Alþýðusambands Norðurlands



Hér má sjá hluta þeirra fulltrúa frá félaginu sem sátu þingið.

74 fulltrúar, frá öllum stéttarfélagum á Norðurlandísáttu 36.þing Alþýðusambands Norðurlands sem fram fór á Illugastöðum í Fnjóskadal í lok september, þar af voru 34 frá Einingu-löju. Þingið tókst í alla staði mjög vel. Ein málefnanefnd var að störfum á þinginu, unnið var í hópavinnu, undir stjórn Eyrúnar Valsdóttur frá ASÍ, þar sem vinnulag við kjarasamningagerð var krufið til mergjar. Þá var ein ályktun um lífeyrismál samþykkt samhljóða á þinginu.

Fjöldmargir gestir mættu á þingið og voru með erindi. Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, doktorsnemi við Háskólann á Akureyri, fjallaði um jafnréttisviðhorf og samfélagsleg áhrif í minni byggðarlögum. Óðinn Elísson, hrl. hjá Fulltingi, fjallaði um muninn á slysatryggingum skv. kjarasamningi eða skaðatryggingum. Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri á Blönduósi, fjallaði um gagnaver Borealis Data Center á Blönduósi. Finnur Birgisson, fulltrúi Gráa hersins, ræddi stöðu eldri fólks í þjóðfélaginu og fjallaði um fyrirhugaða málsókn Gráa hersins gegn íslenska ríkinu vegna tekjutenginga/skerðinga í lífeyrisherfinu. Drífa Snædal, forseti ASÍ, fjallaði um verkalyðsmál og leiddi umræðu inn í panel sem formenn stéttarféлага á þinginu ásamt henni voru í.

Ný stjórn AN

Vigdís Edda Guðbrandsdóttir, frá Samstöðu, var

kosin nýr formaður AN. Með henni í stjórn eru Anna Júlíusdóttir, frá Einingu-löju, sem er varaformaður stjórnar og Guðný Grímsdóttir, frá Framsýn, sem er ritari stjórnar. Varamenn í stjórn eru Bjarki Tryggvason, frá Öldunni – stéttarfélagi, Svala Sævarsdóttir, frá Verkalyðsfélagi Þórshafnar, og Trausti Jörundarson, frá Sjómannafélagi Eyjafjarðar.

Ályktun um lífeyrismál

36. þing Alþýðusambands Norðurlands krefst þess að samspil lífeyrissjóða launafólks og lífeyris almannatrygginga verði tekið til gagngerrar endurskoðunar. Liður í því gæti verið að hækka almenna frítekjumarkíð.

Núverandi fyrirkomulag almannatrygginga gengur allt of langt í að skerða greiðslur úr lífeyrissjóðum og afkoma margra eldri borgara er


því enn óviðunandi þrátt fyrir áratuga söfnun lífeyrisréttinda.

Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kveða á um að öllum beri að afla sér lífeyrisréttinda með því að greiða ákveðinn hluta launa í lífeyrissjóði. Þegar að lífeyristöku kemur, er sparnaður launafólks notaður til að skerða greiðslur almannatrygginga til lífeyrisþega um hátt í 45% af greiðslunni frá lífeyrissjóðum. Að teknu tilliti til skattgreiðslna, fær lífeyrisþegi með 100.000 kr. á mánuði frá lífeyrissjóðnum um 35% í sinn hlut. Fá viðkomandi 400.000 kr. á mánuði lækkar hlutfallið í 28%.¹ Ávinningurinn af sparnaðinum, sem tryggja átti áhyggjulaust ævkvöld, rennur þess í stað að stærstum hluta í ríkissjóð.

36. þing AN lítur svo á að núverandi fyrirkomulag sé komið í ógöngur og krefst þess að dregið verði stórlega úr skerðingum lífeyris almannatrygginga vegna útgreiðslna úr lífeyrissjóðum. Vegna þessa efast launafólk um gagnsemi þess að greiða verulegan hluta launa sinna í lífeyrissjóð til að tryggja framfærslu sína á efri árum.

Þingið telur brýnt að launafólk njóti ávöxtunar af sparnaði sínum í samræmi við upphafleg markmið lífeyrissjóðakerfisins.

¹ Skerðingarhlutföll eru fengin með því að bera saman tölur frá reiknivél TR. Miðað er við einstakling sem býr einn.



„Að vera í stjórn stéttarfélags er svo sannarlega þess virði“



Á fræðsludegi félagsins í haust voru tveir ungir stjórnarmenn í aðalstjórn Einingar-löju með erindi um ungt fólk og stéttar-félög. Hér fyrir neðan má lesa nokkra punkta úr erindinu þar sem Sigurpáll Gunnarsson og Guðbjörg Helga Andrés-dóttir fjölluðu m.a. um þeirra upplifun að vera ungir stjórnarmenn í félaginu.

Sigurpáll er 23 ára og er trúnaðarmaður í Brekkuskóla auk þess að vera meðstjórnandi Einingar-löju. Guðbjörg Helga er 29 ára og er trúnaðarmaður í íbúðarkjarnanum Borgargili hjá Akureyrarbæ. Hún er einnig í stjórn Einingar-löju sem varaformaður Opinberu deildarinnar, sem er sú deild sem sér um málefni félagsmanna sem vinna hjá ríki og sveitarfélögum.

Í erindinu sögðu þau aðeins frá byrjun þeirra innan Einingar löju. „Fyrir nokkrum árum fengum við bæði bréf inn um póstlöguna um að við höfum verið kjörin trúnaðarmenn á okkar vinnustöðum og fórum fljótlega eftir það á trúnaðarmannanámskeiðin hjá Einingu-löju. Okkur fannst flest námskeiðin mjög áhugaverð og lærdómsrík þótt sum hafi verið full af tölum og hagfræðiorðum sem enginn skildi.“

Guðbjörg Helga sagði að hennar verkalýðs-þátttaka hafi svo byrjaði fyrir alvöru þegar Anna varaformaður félagsins hringdi í hana vorið 2017 til að athuga hvort hún vildi fara á Ungliðafund Starfsgreinasambands Íslands. „Ég hafði í raun ekki hugmynd um hvað ég væri að

fara út í en það hljómaði vel að hitta annað fólk á svipuðum aldri sem hafði áhuga á verkalýðs-málum. Síðan þá hefur síminn eiginlega ekki stoppað hjá mér og hef ég tekið þátt í öllu mögulegu á vegum Einingar-löju.“

Sigurpáll sagði að hann hafi boðið sig fram sem meðstjórnanda í stjórnina og var valinn í það hlutverk, „Stuttu seinna bauðst mér kostur á að fara á námskeiðið Ungir leiðtogar hjá Alþýðusambandi Íslands og mæta á Ungliða-fundi hjá SGS.“

Þau sögðu að ungliðafundir SGS væru virkilega sniðug lausn til að koma ungu fólki af stað í verkalýðshreyfingunni og vekja hjá þeim áhuga á þessu mikilvæga málefni. „Vorið 2018 fórum við Sigurpáll suður tvær helgar á námskeiðið Ungir leiðtogar sem var virkilega skemmtilegt og seinasta kennsluhelgin var haldin út í Brussel sem vakti mikla lukku. Ég fékk símhringingu rétt eftir áramót og var spurð hvort ég vildi gefa kost á mér sem varaformaður Opinberu deildarinnar. Mér leist vel á þá hugmynd og var kjörin. Mér finnst mjög þægilegt andrúmsloft á stjórnarfundum, það geta allir sagt sínar skoðanir og rætt saman. Upplifunin mín innan Einingar-löju hefur alltaf verið góð og allir ánægðir þegar maður gefur sér tíma til að sinna verkefnum á vegum stéttarfélagsins,“ sagði Guðbjörg Helga.

„Ég fann fyrir örliðu stressi að byrja í stjórn félagsins, enda langtum yngstur, en mér hefur alltaf fundist vera tekið vel á móti mér, það er hlustað á þá hluti sem ég hef að segja og borin

virðing fyrir mínum ungu skoðunum, í dag er þetta mjög skemmtilegt og er ég oftast spenntur að mæta á fundi. Þetta er líka bara svo frábær hópur, fólk hefur að sjálfsgöðu mismunandi skoðanir en mér finnst alltaf borin virðing fyrir öllum og allir eru sáttir,“ sagði Sigurpáll.

Þau sögðust bæði vera í samningarnefnd Einingar-löju ásamt því að vera í stjórn félagsins. „Það er mjög góð leið til að koma sínum málefnum á framfæri með því að vera í kjarasamningarnefnd. Þar er hægt að nýta tækifærið og segja frá þeim kröfum sem snerta yngra fólk sem eru líka oft með fleiri lán sem þau þurfa að greiða af. Sum eru með gjalddaga fyrsta hvers mánaðar og þá er mikilvægt að fá útborgað á þeim degi þegar launin endast bara mánuðinn. Fyrir þau sem eru með börn skiptir verulegu máli að berjast fyrir lengra fæðingarorlofi, styttri vinnuviku og lengra frí til að njóta sem mestum tíma með fjölskyldunni. Sérstaklega í samfélagi sem allt gerist rosa hratt.“

Sigurpáll sagði að mörgum vina hans finnst það sérstakt að ungt fólk eins og hann sé þetta áhugasamur um störf stéttarféлага og margir ungir skilji það oft ekki. „Ég hef alveg fundið fyrir undrun vina minna að ég sé ekki bara í stjórn stéttarfélags heldur einnig að ég hafi gaman að því og að ég sé virkur og áhugasamur. En vinirnir nýta sér það oft að spyrja mann út í samninga og réttindamál, af og til fær maður skilaboð frá vinum að spyrja “hvernig sækir ég um bústað hjá Einingu? Sem er bara gott og blessað.“

„Ég get hins vegar ekki sagt að ég finni fyrir undrun vina minna með að ég sé í stjórn stéttarfélags öllum finnst það voða eðlilegt. Allir í vinnunni eru mjög duglegir að spyrja mig út í launamál, fatapening og hvað sé að fréttu í kjarasamningamálum,“ sagði Guðbjörg Helga.

„Að vera í stjórn er ekkert sérstaklega tímafrekt, við förum mánaðarlega á stjórnarfundi og svo náttúrulega aðra viðburði haldna af félaginu, ég vil líta á það þannig að það sé mikilvægt að stjórnarmeðlimir félagsins séu sýnilegir og mæti á flesta viðburði félagsins,“ sagði Sigurpáll.

Guðbjörg Helga sagði að stjórnarmenn fari einnig á þing hjá Alþýðusambandi Norðurlands sem haldið er á Illugastöðum í Fnjóskadal, og suður á þing ASÍ og SGS þar sem stór hópur fólks kemur saman til að ræða málin og leita að lausnum og fá nýjar hugmyndir. Sigurpáll bætti við að þó að fundirnir geti verið langir og margir þá er það bara einhvern veginn partur af starfinu, „ég er allavega mjög stoltur þegar ég segi að ég sé meðstjórnandi stéttarfélags, og alveg sérstaklega þar sem ég er svona ungur.“

Þau sögðust hafa verið spurð hvort þetta væri erfitt og að vissu leiti getur það verið það. „Erfiðasta sem ég hef upplifað var þegar ég sá nafnið mitt á blaðinu fyrir trúnaðarmannadaginn og var tjáð að við Sigurpáll ættum að standa á sviðinu og flytja fyrirlestur,“ sagði Guðbjörg Helga.

„Mér finnst til dæmis erfitt þegar fólk skilur



Sigurpáll Gunnarsson, Guðbjörg Helga Andrésdóttir og ritari félagsins, Hrefna Björg, á þingi ASÍ í haust.

ekki hvernig störf félagsins virka, fólk hefur beðið mig um að segja eitthvað sérstakt á stjórnarfundum og býst við því að það sé nóg til þess að breyta hlutunum á núll einni. Ýkt dæmi af þessu er til dæmis: „þú verður að segja við stjórnina að hækka launin okkar um 30%“ og svo daginn eftir stjórnarfund er maður spurður: „jæja? Hækka launin?“ eins og þetta sé það einfalt, annað sem mér þykir stundum erfitt er þegar vinnufélagar senda mér skilaboð eða hringja eftir vinnu og biðja um ráð, það er alveg þínu erfitt að segja „ræðum þetta í vinnunni“ en það er bara eitt-

hvað sem maður þarf að venja sig á sem trúnaðarmaður,“ sagði Sigurpáll.

Þau sögðu að lokum að það að vera í stjórn stéttarfélags væri svo sannarlega þess virði, að fá að koma sínum málum á framfæri og standa fyrir sínu fyllir mann smá stolti til að vilja gera meira og betur. „Í lokin viljum við þakka fyrir okkur og ýta undir hvað við erum stolt að vera partur af þessu batterí, þau verk sem verkalyðsbaráttan hefur áorkað eru mikilvæg og við getum ekki beðið eftir að halda baráttunni áfram.“

Breytingar á orlofskostum á Austurlandi

Fyrir á árinu var orlofsbúð félagsins á Egilsstöðum seld og í haust var gengið frá kaupum á þremur orlofshúsum í Orlofsbyggðinni á Einarstöðum á Héraði sem félagið keypti af AFLi starfsgreinafélagi. Fyrir átti félagið eitt hús í orlofsbyggðinni og því eru hús félagsins þar orðin fjögur. Undanfarin ár hefur félagið leigt tvö hús af AFLi yfir sumartímann og hefur svæðið verið mjög vinsælt hjá félagsmönnum.

Fyrir nokkrum árum var hús félagsins á svæðinu tekið í gegn en þessi hús sem nú voru keypt eru komin til ára sinna og því var ákveðið að taka þau alveg í gegn, öllu skipulagi verður breytt og þau aðeins stækkuð, þau verða klædd að utan með búrjúrn og eins verður þakið endurnýjað. Nú er hafin vinna við að breyta tveimur af þessum þremur húsum og verða þau tilbúin í maí á næst ári. Þriðja húsið verður svo tekið í gegn næsta vetur. Einnig var ákveðið að breyta aðeins húsinu sem félagið átti fyrir, m.a. að stækka það eins og hin húsin.

ATH! Hús félagsins á Einarstöðum verða ekki leigð út veturinn 2019-2020 vegna þessa viðhalds. Þeir

sem áhuga hafa á að leigja hús á svæðinu í vetur er bent á að hafa samband við staðarhaldara í síma 861 8310, en hann sér um að leigja út hús þar í vetur.



Einarstöðir

Kynning í Hólaskóla

Í nóvember fóru þrjú starfsmenn félagsins í Hólaskóla og voru þar með kynningu á réttindum og skyldum á vinnumarkaði fyrir um 50 nemendur skólans sem sitja námskeiðið Fjárhagur og rekstur. Þarna voru á ferð Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins og þau Arnór Sigmarsson og Eyrún Halla Eyjólfsdóttir starfsmenn félagsins ásamt Þórarni Sverrisyni, formanni Öldunnar stéttarfélags.

Ánægja nemenda var augljós

Jóhanna María Elena Matthíasdóttir tók við námskeiðinu Fjárhagur og rekstur á Hólum í fyrra haust. Hún sagði við tíðindamann heimastíðunnar að um sé að ræða námskeið sem flestar brautir við Háskólann á Hólum taka á fyrsta ári í námi og þar sem farið er yfir mikilvæga þætti er varða regluverk skatta og fjárhagslegs utnumhalds rekstrar, sem og veitir innsýn í bókhald og launamál í rekstri.

„Nemendahópurinn samanstendur af einstaklingum sem ýmist eru eða verða bæði launþegar og atvinnurekendur. Þó ég hafi bætilega þekkingu á vinnurétti eftir að hafa sjálf komið að réttindamálum á yngri árum fannst mér strax eftir fyrsta kennsluár mitt á námskeiðinu áhugaverð hugmynd að fá inn fulltrúa stéttarfélagala til að fjalla um vinnumarkaðsmál, réttindi



og skyldur launþega og vinnuveitenda eins og aðstæður eru í dag. Því lét ég verða af því að hafa samband og biðja um gestafyrirlestur í staðarlotu námskeiðsins á þessu ári og voru þar allflestir nemendur námskeiðsins viðstaddir.

Björn, formaður Einingar-löju í Eyjafirði, tók vel í boðið og mætti ásamt lögfræðingum félagsins og fulltrúa Öldunnar í Skagafirði með öflugum og ítarlegum kynningu,“ sagði Jóhanna og bætti við að kynningin hefði gengið afar vel. „Það var gaman að sjá hve áhugasamir nemendur voru, margar spurningar vöknudú og

þarna gátu nemendur einnig leitað leiðsagnar í málum sem þau höfðu upplifað og svara við spurningum vegna mála sem þau þekktu til eða öðrum vangaveltum.

Ánægja nemenda var augljós og ég vil tvímælalaust fá kynningu aftur í námskeiðinu að ári liðnu, enda tel ég uppræðslu til nemenda á öllum námsstigum um réttindi og skyldur launþega og vinnuveitenda gríðarlega mikilvægan þátt í að skapa heilbriggt vinnuumhverfi til framtíðar.“

Eldri félagsmenn á ferð

Hin árlega eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-löjufélaga var farin í lok júní. Lagt var af stað frá Alþýðuhúsinu kl. 9 í sól og blíðu og að þessu sinni var farið austur í Kelduverfi.

Stoppað var á Húsavík þar sem safnahúsið var skoðað, þaðan var farið í Skúlagarði þar sem snæddur var hádegisverður. Eftir góðan hádegisverð var farið í Ásbyrgi og eftir að hafa

gengið þar um og farið í Gljúfrastofu, þar sem Guðmundur Ögmundsson þjóðgarðsvörður tók á móti hópnum og sagði frá svæðinu, var farið upp að Dettifossi.

Auðvitað var stoppað við Dettifoss og gengu fjölmargir niður að fossinum. Þaðan var farið í Mývatnssveit, þar sem farið var í Dyngjuna, og að lokum til Akureyrar með kaffistoppi á Stórutjörnum. Frábær ferð í alla staði.





Jóla-krossgátan

Gerður er skýr greinarmunur á grönnum og breiðum sérhljóðum. Höfundur krossgátunnar er Bragi V. Bergmann.

Lausn - Ritir 1-30 Málsháttur		1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	
			Bakslag Pírradar		Ránfugl Hrein	Röflar Starir		Blóm	Málmur	Hvilt Kona	Mjúk Fata- efni	✓ 12	
		→		1					↙			13	
			Tráðkafi öx í augum					>		6			14
			Elska Ljómar		14			>			✓ 11		15
					✓	4			pögn! pröttur Skordýr			✓	16
		→	Egnir					proska					17
			Hlýtur					Tíma- mælis	7				
		10					Fyrnt						18
		→											✓ 19
	BB	↓		↓ Dani Lokkar	Sýll	Ferða- lag	9 Garmur Spili	5				Ryk- korn	
Veislu- föng			2		✓		Drasl					17	
							Reika		✓			✓ 20	
Urmull	28				Hækkar Hljóð- færi			Tvönd Óþakkt	8		Um- kringja Seint	✓ 21	
Fim Upp- litast		16			>			18			Mjóður	22	
			Sönglag Annarra landa			Áköf andsog Allsgáð					21	23	
→ Hvað?					Dröm	19		Skrokk OP Samíð	12			24	
Blundur					Vökvunar- tæki								
	3		Félag Astar- guðs		Dægur Hags		13				Leiðbana skipi til hafnar	25	
→ Megna Kátrar									22	Nögl út- ungun		✓ 26	
Vana				25	Sóp Fugli		15		>			27	
Silfur Mann	Frá Noregi	20				Vesæls Er sögð		✓			✓ 26	28	
→		29			Rista	27				Sífellt		29	
23	Duft				Planta orti Vísu			>			30	30	

Jóla­krossgá­tan

Skrifið lausnina á blað, (reitur 1 til 30, málsháttur) og merkið blaðið með nafni, heimilisfangi, póstnúmeri og símanúmeri. Einnig má senda svarið í tölvupósti á ein@ein.is, en gæta skal þess að láta fyrrgreindar upplýsingar fylgja.

Skilafrestur er til kl. 16 mánudaginn 6. janúar 2020. Dregið verður úr réttum lausnum og verður strax haft samband við vinningshafana.

Utánáskriftin er:

Eining-löjja
- verðlaunakrossgáta
Skipagötu 14
600 Akureyri

Glæsilegir vinningar eru í boði:

Gjafabréf í HOF menningarhús á Akureyri að verðmæti kr. 20.000,-

Gjafabréf frá Strikinu að verðmæti kr. 10.000,-

Ekki segja upp í veikindum

– Ekki láta þrýsta þér út í réttindamissi –

Það eru nokkur dæmi um að félagsmenn hafi komið á skrifstofur Einingar-löjju eftir að hafa sagt upp störfum í veikindum. Það getur þýtt mikla réttindaskerðingu hjá viðkomandi. Dæmi eru um að fólk sem hefur verið veikt í nokkurn tíma hefur verið kallað til yfirmanna og þrýst á það að segja upp störfum. Eining-löjja beinir því til félagsmanna sinna að láta alls ekki undan slíkum þrýstingi heldur hafa strax samband við félagið.

Það hefur þengst að ýmsum stofnunum og fyrirtækjum á síðustu árum og yfirmenn því oft í erfiðri stöðu með reksturinn. Þó er óafsakanlegt í slíkum tilvikum að hafa réttindi af launafólki með því að þrýsta á þá sem lenda í lengri veikindum að segja upp störfum. Það er engin lausn og getur í mörgum tilvikum aukið á vanda þessa fólks frekar en hitt.

Þess vegna er svo mikilvægt að fá ráðgjöf hjá Einingu-löjju áður en skrifað er upp á starfslok.

Verðlaunagætraun

**Hve mörg orlofshús á félagið á Illugastöðum?
(Svarið má finna á www.ein.is)**

1. 10	4. 16
2. 12	5. 18
3. 14	6. 20

Skrifið lausnina á blað og merkið það með nafni, heimilisfangi, póstnúmeri og símanúmeri. Einnig má senda svarið í tölvupósti á ein@ein.is en gæta skal þess að láta fyrrgreindar upplýsingar fylgja. **Skilafrestur er til kl. 16, mánudaginn 6. jan. 2020.** Dregið

verður úr réttum lausnum og verður strax haft samband við vinningshafana.

Utánáskriftin er:

Eining-löjja
- verðlaunagætraun -
Skipagötu 14
600 Akureyri

Glæsilegir vinningar eru í boði:

Gjafabréf frá Strikinu að verðmæti kr. 10.000,-

Gjafabréf í HOF menningarhús á Akureyri að verðmæti kr. 10.000,-

STRIKIÐ

RESTAURANT & BAR

Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili



Óskum starfsmönnum okkar og viðskiptavinum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Allar vörur til ræstinga, áhöld, hreinsiefni, pappír og plast

- Hjá Þrif- og ræstivörum starfa nú um 60 manns við ræstingar og hreingerningar af öllum stærðum og gerðum.
- Í dag þjónustum við um 50 fyrirtæki og stofnanir í daglegri ræstingu.
- Auk þess rekum við öfluga hreingerninga- og sérverkefnadeild.

Dagleg eða regluleg þrif:

- Gluggaþvottur
- Aðalhreingerningar
- Viðhald gólfefna
- Bónleysing og bónun gólfefna
- Salernis- og kísilhreinsun
- Teppa- og flísahreinsun
- Þrif eftir iðnaðarmenn
- Bruna- og vatnstjónaþrif
- Veggja-, lofta-, ljósa- og gluggaþrif

Gerum föst verðtilboð í öll verk, stór eða smá, þér að kostnaðarlausu.

Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt:


Hámarksgæði og árangur, persónulega og góða þjónustu.



Frotagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892 5232
865 2425 (vaktsími allan sólarhringinn)
Netfang: thrif@thrif.is Veffang: www.thrif.is



Er maginn í steik?



Omeprazol Actavis

– Við brjóstsviða og súru bakflæði

20 mg, 14 og 28 stk. – fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki

Magasýrupolin hörð hylki ætluð fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábit). Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni með mat eða á fastandi maga. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is